

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 25. ÁRG. 2019





- | | | |
|--|--|--|
| <p>4 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Leiðari</p> <p>6 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Mikilvægi sjálfstæðis
lögmannastéttarinnar</p> <p>8 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Undirbúningsþinghöld
í Landsrétti</p> <p>10 ELEONORA BERGPÓRSDÓTTIR
Ný dómstólaskipan í framkvæmd
Hvað segja lögmennt</p> | <p>16 MARÍN GUÐRÚN HRAFNSDÓTTIR
Finnst gaman að gefa lífinu á
kjaftinn öðru hvoru. Viðtal við
Bergþóru Ingólfsdóttur</p> <p>22 Lagadagur
Málstofur</p> <p>24 ARNA PÁLSDÓTTIR
Fjárhagsleg örorka</p> <p>28 GUÐRÚN ÓLÖF OLSEN og
ÞORBJÖRG ÁSTA LEIFSDÓTTIR
Starfsumhverfi lögmannna í
Danmörku</p> | <p>32 VALGEIR PÁLSSON
Á slóðum þýðverskra
nýlenduhera í Afríku</p> <p>36 Jólasnafsmótið</p> <p>37 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON
Fara íslenskir dómstólar eftir
dómum Mannréttindadómstóls
Evrópu?</p> |
|--|--|--|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður
netfang: daniel@msr.is

Ritnefnd
Ari Karlsson lögmaður
Arna Pálsdóttir lögmaður
Ágúst Karl Karlsson lögmaður
Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður
Guðrún Olsen lögmaður
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

Blaðamaður
Marín Guðrún Hrafnisdóttir

Stjórn LMFÍ
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Heiðrún Jónsdóttir lögmaður
Ástráður Haraldsson
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður
Stefán Andrew Svansson lögmaður

Varastjórn LMFÍ
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður
Birna Hlín Káradóttir lögmaður
Viðar Lúðvíksson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Marín Guðrún Hrafnisdóttir starfsm. félagsdeildar
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
Ljósmyndari: Ingimar Ingason

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGLÝSINGA
Páll Júlíusson, sími 861 8262

Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

Í TAKT VIÐ TÍMANN LÖGMANNABLAÐIÐ VERÐUR RAFRÆNT 2020

Þrátt fyrir að lögmennska þyki frekar íhaldssamt starf þá hefur Lögmannafélagið að einhverju leyti reynt að svara kalli nútímans og taka þátt í samfélagslegum breytingum. Lögmenn hafa vonandi orðið varir við þetta þar sem undanfarin misseri hefur félagið gert kannanir og m.a. lagt sig fram um að „opna umræðuna“ um ýmsa þætti í starfsumhverfi lögmanna. Nú er einmitt í gangi slík könnun á starfsaðstæðum en auk þess er verið að spyrja lögmenn um ákveðna þætti í rekstri og þjónustu Lögmannafélagsins sjálfs. Er þetta nauðsynlegur liður í því að félagið reyni að halda í við nútímann en dagi ekki uppi sem gamaldags félag sem stendur (einungis) fyrir gamaldags viðhorf og aðferðir. Vonandi heldur félagið áfram á þessari braut á meðan félagið stendur þó auðvitað enn vörð um klassísk gildi.

Hluti af tilraun til þess að haga starfseminni í samræmi við ártalið er ákvörðun um að hætta almennri prentun á Lögmannaþlaðinu. Þlaðið verður þó sem betur fer enn gefið út en það verður með rafrænum hætti. Vitandi að lögmenn eru íhaldssamir er þessi breyting kynnt nú og lesendur hafa það sem eftir lifir ársins 2019 til þess að bregðast við og haga lífi sínu til samræmis. Hin rafræna útgáfa hefst árið 2020 en þeir sem vilja þá enn fá fýsískt eintak munu geta óskað eftir því sérstaklega.

Þetta er fyrsta blað nýrrar ritstjórnar. Vonandi hafa lögmenn og aðrir lesendur af því gagn en einnig nokkurt gaman.

DÓMUR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU Í LANDSRÉTTARMÁLINU

Rétt er að gefa skýringar á því hvers vegna enga umfjöllun um dóm Mannréttindadómstólsins er að finna í blaðinu. Dómurinn var kveðinn upp sama dag og blaðið fór í prentun og til umræðu kom að fresta útgáfunni eða skrifa umfjöllun um dóminn í miklum flýti. Ljóst er þó að blað sem kemur út nokkrum dögum eftir uppkvaðningu dómsins bætir litlu við þá umfangsmiklu umræðu sem farið hefur fram meðal lögfræðinga og í samfélaginu síðustu daga. Var því tekin sú ákvörðun að fjalla ekki sérstaklega um málið að svo stöddu. Blaðið kemur þó óbeint inn á störf Landsréttar með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er að finna umfjöllun um málþing um dómstólinn í tilefni af eins árs starfsafmæli hans og óvísindalega könnun meðal lögmanna af sama tilefni.

Í öðru lagi er að finna umfjöllun um undirbúningsþinghöld sem skrifuð er í tilefni af athugasemdum lögmanna við framkvæmd þeirra. Væntanlega eru þau atriði sem komu fram á málþinginu og í könnuninni ekki í forgangi hjá réttinum þessa stundina en þau verða þó vonandi höfð til hliðsjónar í framtíðinni. Þá má benda á grein sem er nokkurs konar endursögn af fyrirlestri Róberts Spanó, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, þar sem hann fjallaði um það hvernig íslenskir dómstólar tækju mið af dómum Mannréttindadómstólsins við úrlausn um ákvæði Mannréttindasáttmálans og Stjórnarskrárinnar.



Straumhvörf

Sameinar tvo heima. Þú kemst á raforkunni einni saman í flestar ferðir með allt að 50 kílómetra drægni.



Eigum nokkra sérstaklega vel útbúna Audi A3 e-tron og Q7 e-tron á einstökum kjörum.

Audi A3 e-tron

Verðlistaverð 4.860.000 kr.

Tilboðsverð 3.990.000 kr.

Meðal búnaðar á tilboðsbíl:

- ▶ Nálgunarvörn framan og aftan
- ▶ Dynamic stefnuljós
- ▶ LED afturljós
- ▶ Lyklalaust aðgengi
- ▶ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- ▶ Skriðstillir (Cruise control)
- ▶ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- ▶ Árekstrarvörn (pre sense)
- ▶ 17" álfelgur
- ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Dökkar rúður

Audi Q7 e-tron quattro

Verðlistaverð 12.300.000 kr.

Tilboðsverð 10.990.000 kr.

Meðal búnaðar á tilboðsbíl:

- ▶ Sportsæti með leður / alcantara áklæði
- ▶ Samlitun á brettaköntum og stuðara
- ▶ Leðurklætt aðgerðastýri sport, fjögurra arma með flípaskiptingu
- ▶ Bakkmyndavél
- ▶ 20" álfelgur
- ▶ Lykillalaust aðgengi með snertilausri opnun á afturhlera
- ▶ Ambient innljóðsapakki (stemningsljósing)
- ▶ Nálgunarvari framan og aftan
- ▶ Dráttarbeisli með bakkaðstoð
- ▶ Hæðastillanleg loftþrúðafjöðrun
- ▶ Dökkar rúður

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðuðu úrvalið á www.hekla.is/audi



MIKILVÆGI SJÁLFSTÆÐIS LÖGMANNA- STÉTTARINNAR

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR

Með lögum 141/2018 er voru samþykkt á Alþingi 14. desember 2018 og tóku gildi 1. janúar 2019 voru gerðar breytingar á ýmsum lögum vegna afnáms ákvæða um uppreist æru, þ.á.m. á lögum um lögmennt nr. 77/1998. Nú er ekki lengur áskilið að LMFÍ veiti meðmæli við veitingu og endurveitingu lögmannsréttinda sbr. 2. mgr. 6. og 2. mgr. 16. gr. laganna, heldur er látið við það sitja að fá umsögn félagsins. Framvegis er það því ekki á forræði félagsins sjálfs að meta hvort umsækjandi njóti nægilegs trausts fyrir veitingu réttindanna heldur er það lagt í vald sýslumanns. Í greinargerð með frumvarpinu var þess sérstaklega getið að það þætti of víðtækt framsal „að félagasamtökum sé falið bindandi ákvörðunarvald um það hvort tiltekinn einstaklingur fái málflytningaréttindi, enda er framkvæmdarvaldið veitingarvaldshafinn“.

Lögmannafélagið hefur gagnrýnt þessa breytingu harðlega og í ítarlegum umsögnum laganefndar félagsins var bent á að með henni væri vegið verulega að sjálfstæði lögmannastéttarinnar og gengið þvert á fyrri tillögur félagsins. Í umsögnum laganefndar voru jafnframt gerðar athugasemdir við að skilyrði til veingar lögmannsréttinda til umsækjenda sem hlotið hefðu refsíðoma væru óþarflega þröng, m.t.t. stjórnarskrárvarins atvinnufrelsis manna skv. 75. gr. stjórnarskrár og að rýmka þyrftu heimildir LMFÍ til mats á umsækjendum. Þær athugasemdir náðu heldur ekki fram að ganga.

Almannahagsmunir búa að baki því að ríkar kröfur séu gerðar til þeirra sem mega starfa sem lögmennt. Lögmennt sem varðmenn réttarríkisins verða að njóta trausts og vera traustsins verðir. Lögmannafélag Íslands gegnir lögum samkvæmt viðamiklu eftirlitshlutverki gagnvart félagsmönnum sínum og hefur eftirlit með því að lögmennt uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr. lögmannalaga. Félaginu er gert að setja félagsmönnum sínum sérstakar siðareglur sem eru bindandi fyrir alla lögmennt og geta brot gegn þessum reglum m.a. orðið grundvöllur réttindasviptingar sbr. 14. gr. laganna. Framangreint mat samrýmist sjálfstæði lögmannastéttarinnar og er auk þess í fullu samræmi við vilja löggjafans. Af þessu leiðir jafnframt að lögbundið



hlutverk og valdheimildir Lögmannafélags Íslands eru mun umfangsmeiri en almennt gildir hjá félagasamtökum. Ýmsar ályktanir og samþykktir á alþjóðlegum vettvangi staðfesta sömuleiðis mikilvægi sjálfstæðis félags lögmanna. Í ályktun þings Sameinuðu þjóðanna frá 1990 um hlutverk lögmanna var því til að mynda slegið föstu að lögmennt hefðu rétt til þess að stofna félög sem stýra sér sjálf án ytri afskipta. Þá kemur jafnframt fram að lögmennt skuli setja sér siðareglur og að kvartanir um brot gegn þeim eigi að koma til úrlausnar óháðrar nefndar lögmanna, sjálfstæðrar nefndar skv. lögum eða dómstóls. Í meðmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins, árið 2000 er áréttað að félög lögmanna skuli stýra sér sjálf, óháð yfirvöldum og almenningi. Þing Evrópubandalagsins ályktaði árið 2006 um sjálfstæði félaga lögmanna til ákvarðana. Í dómafrankvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur og verið lögð áhersla á sjálfstæði lögmannafélaga við töku ákvarðana um sviptingu og endurveitingu lögmannsréttinda.

Þá samþykkti ráðherranefnd Evrópuráðsins í janúar s.l. þá ósk samtaka lögmannafélaga í Evrópu, CCBE, að hefja undirbúning að gerð sáttmála um atvinnuréttindi lögmanna í ljósi hlutverks þeirra og mikilvægi sjálfstæðis lögmanna. Í staðfestingu slíks sáttmála fælist jafnframt sú skuldbinding aðildarríkjanna að vernda sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Nefnd lagabreyting felur annað og meira í sér en breytta orðnotkun. Því hefur verið haldið fram að ávallt yrði litið til umsagnar félagsins við veitingu eða endurveitingu lögmannsréttinda og í því ljósi skipti ekki máli hvort um meðmæli eða umsögn væri að ræða, eingöngu væri um stigsmun en ekki eðlismun að ræða. Gagnrýni Lögmannafélags Íslands lýtur hins vegar fyrst og fremst að viðhorfsbreytingu löggjafans til mikilvægis sjálfstæðis lögmannastéttarinnar. Áður leit löggjafinn svo á og áréttaði með skýrum hætti að félög lögmanna ættu að njóta sjálfstæðis frá afskiptum ríkisvaldsins. Það er ekki svo lengur. Í því felst eðlismunur en ekki stigsmunur.



Örugg eyðing gagna

FULLVISSA

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 7 • 112 Reykjavík • Sími 568 9095 • gagnaeyding.is

UNDIRBÚNINGSPINGHÖLD Í LANDSRÉTTI

– ÓGAGNSÆJAR ÁKVARÐANIR

DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON LÖGMAÐUR

Eitt meginmarkmiðið með stofnun Landsréttar var að tryggja milliliðalaus sönnumarfærslu á tveimur dómstigum. Þó eru viss skilyrði fyrir því að teknar séu nýjar skýrslur fyrir Landsrétti og þau skilyrði eiga að einhverju leyti að mótast í framkvæmd réttarins.

Helstu athugasemdir lögmanna við framkvæmd undirbúningsþinghalds virðast lúta að tvennu. Annars vegar að slík þinghöld séu ekki alltaf haldin, jafnvel þótt lögmenn telji tilefni til. Hins vegar að ákvarðanir, sem teknar eru í kjölfar undirbúningsþinghalds, séu oft ógagnsæjar.

Kveðið er á um undirbúningsþinghöld í 3. mgr. 160. gr. laga um meðferð einkamála og 3. mgr. 204. gr. laga um meðferð sakamála, sbr. 23. gr. og 61. gr. laga nr. 49/2016. Ákvæðin eru samhljóða:

Ef tilefni er til tekur Landsréttur mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess, þ.m.t. gagnaöflun og framlagningu gagna, hvaða skýrslutökur verði heimilaðar fyrir Landsrétti og hvaða upptökur verði spilaðar við aðalmeðferð. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni. Dómsformaður tekur að jafnaði einn fyrir mál í þessu skyni og tekur einn ákvarðanir varðandi rekstur þess sem ekki eru kærnanlegar.

Samkvæmt ákvæðinu eru undirbúningsþinghöld ætluð til þess að ráða til lykta atriðum um rekstur málsins. Af lagaákvæðinu má ráða að halda skuli þinghald þegar „tilefni er til“ en væntanlega er slíkt tilefni fyrst og fremst þegar ágreiningur er um framhald málsins, þ.e. sönnumarfærslu fyrir dóminum. Má því draga þá ályktun að þegar ágreiningur er um rekstur málsins sé fram komið „tilefni“ samkvæmt ákvæðinu og því

beri að halda undirbúningsþinghald. Að sleppa því að halda undirbúningsþinghald við slíkar aðstæður virðist þannig ekki vera í samræmi við ákvæðið.

Í athugasemdum með 23. gr. og 61. gr. lagafrumvarpsins sem varð að lögum nr. 49/2016 er reyndar talað um „heimild“ Landsréttar til að halda undirbúningsþinghald. Engu að síður bendir orðalag athugasemdana að öðru leyti til þess að halda skuli undirbúningsþinghald þegar ágreiningur er uppi um rekstur máls. Í athugasemdunum segir meðal annars um ákvæðin sem nú eru í 3. mgr. 160. gr. laga um meðferð einkamála og 3. mgr. 204. gr. laga um meðferð sakamála (texti athugasemdana er samhljóða fyrir bæði ákvæðin):

Vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu varðandi sönnumarfærslu á áfrýjunarstigi þykir nauðsynlegt að kveða skýrar á um heimild Landsréttar til að taka mál fyrir á dómþingi til að ráða til lykta ágreiningi um rekstur þess og þá sérstaklega gagnaöflun eftir að máli hefur verið úthlutað. Gert er ráð fyrir að í slíku þinghaldi fái málsaðilar að tjá sig um umdeild réttarfarsatriði og um óskir sínar og ágreining um skýrslutökur fyrir Landsrétti og spilun við aðalmeðferð þar á upptökum af skýrslum sem teknar voru fyrir héraðsdómi. Þá er gert ráð fyrir að leyst verði úr slíkum atriðum fyrir aðalmeðferð máls. Heimilt verði að dómsformaður taki mál einn fyrir í framangreindu skyni nema um sé að ræða kærnanlegan úrskurð um réttarfarsatriði. Hafi aðilar ekki borið fram ósk um afsþilun, skýrslutöku eða aðra gagnaöflun og enginn réttarfarságreiningur er uppi í máli er ekki þörf á slíku þinghaldi. Sama máli gegnir ef slík ósk hefur borist, enginn ágreiningur er um hana og Landsréttur telur rétt að fallast á óskina.



Samkvæmt þessum orðum, einkum lokaorðum, athugasemdanna um 23. og 61. gr. frumvarpsins má álykta á þann veg að alltaf þegar ágreiningur er um sönnunarfærslu sé þörf (tílefni) á undirbúningsþinghaldi.

Ákvarðanir dómara um rekstur máls í kjölfar undirbúningsþinghalda munu ekki vera rökstuddar (nema í mesta lagi með almennri fullyrðingu, t.d. um að skýrslutaka sé óþörf). Samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga um meðferð einkamála og 1. mgr. 207. gr. laga um meðferð sakamála, sbr. 26. gr. og 64. gr. nr. 49/2016, ber ekki að rökstyðja ákvarðanirnar um rekstur máls.

Ýmis rök mæla þó með því að slíkt sé gert, með eða án tilkomu sérstakrar lagabreytingar. Fyrst ber að nefna að helstu ágreiningsefnin um rekstur máls fyrir Landsrétti eru atriði sem héraðsdómi ber að taka afstöðu til í úrskurði sem er kæránlegur, þ.e. atriði varðandi skýrslugjöf aðila og vitna fyrir dómi og atriði varðandi matsgerðir. Löggjafinn hefur þannig hingað til metið það svo að þetta séu svo mikilvæg atriði að úrlausn ágreinings um þau beri að rökstyðja og að þau séu kæránleg.

Ákvarðanir Landsréttar um rekstur máls eru hvorki rökstuddar né kæránlegar. Þá eru þær ekki birtar þannig að lögmenn og aðrir sem vilja fylgjast með réttarframkvæmd eiga virkilega erfitt með að átta sig á því hvernig Landsréttur mótar þessa heimild. Að þessu leyti er um afturför að ræða enda var hægt að fylgjast með réttarþróun Hæstaréttar á þessum atriðum í birtum og rökstuddum dómum réttarins þegar þessi álitamál rótuðu til hans.

Mikilvægt er að hægt sé að fylgjast með því hvernig Landsréttur þróar heimildir til sönnunarfærslu fyrir dómstólnum en eins og áður segir er það ómögulegt við núverandi fyrirkomulag. Þar sem tilgangurinn með stofnun réttarins var m.a. tryggja möguleikann á milliliðalausri sönnunarfærslu á tveimur dómstigum er einnig nauðsynlegt fyrir lögmenn og ekki síður málsaðila að skilja ástæður þess þegar rétturinn synjar sönnunarfærslu, t.d. skýrslutöku. Þegar t.d. óskað er eftir því að tiltekið vitni, sem ekki gaf skýrslu fyrir héraðsdómi, gefi skýrslu fyrir Landsrétti þá er sú ósk að koma fram í fyrsta sinn. Það er óheppilegt (svo ekki sé tekið sterkara til orða) að slíkum vitnisburði verði hafnað án rökstuðnings og án möguleika á því að kæra niðurstöðuna. Niðurstaðan um þetta atriði ræðst þá á einu dómstigi, án rökstuðnings. Synjunin lítur svo enn verr út ef slík ákvörðun er tekin án þess að boðað hafi verið til undirbúningsþinghalds áður en hin órökstudda ákvörðun var tekin.

Með hliðsjón af tilganginum með stofnun dómstigsins og hversu mikilvæg ákvörðun um sönnunarfærslu getur verið fyrir framgang mála þá væri rétt að halda undirbúningsþinghöld í öllum tilvikum þar sem ágreiningur er uppi um framgang máls. Þá væri verulega til bóta að fá rökstuðning fyrir ákvörðunum dómsins um slíkan ágreining. Að lokum er svo nauðsynlegt að lögmenn, fræðimenn og aðrir sem vilja fylgjast með réttarþróuninni fái tækifæri til þess með einhverjum hætti.

NÝ DÓMSTÓLA- SKIPAN Í FRAMKVÆMD

ELEONORA BERGÞÓRSDÓTTIR SKRIFAR



Hinn 14. febrúar 2019 var haldinn félagsfundur á Hilton Hótel Nordica á vegum Lögmannafélags Íslands í tilefni þess að rúmt ár er nú liðið frá því að breytingar á íslenski dómstólaskipan og stjórnsýslu dómstólanna tóku gildi með lögum nr. 50/2016. Með lögnum var lagður grundvöllur að stofnun millidómstigs og urðu dómstigin þrjú hér á landi, þ.e. héraðsdómstólar, Landsréttur og Hæstiréttur. Þá voru gerðar verulegar breytingar á stjórnsýslu dómstólanna og sameiginleg stjórnsýsla allra dómstiga færð undir nýja stofnun, dómstólasýsluna.

Á fundinum voru áhrif breyttrar dómstólaskipunar rædd og lögmonnum gefið tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Framsögumaður var Berglind Svavarsdóttir formaður Lögmannafélagsins. Fundarstjóri var Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður félagsins.

Markmið með upptöku millidómstigs

Í upphafi fundar fór Berglind stuttlega yfir aðdraganda þeirra breytinga sem gerðar voru á íslenski dómstólaskipan með lögum nr. 50/2016. Kom fram að tilurð hins nýja millidómstigs, Landsréttar, mátti meðal annars rekja til áskorunar Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Ákærrendafélags Íslands til dómsmálaráðherra í kjölfar málþings félaganna um efnið í október 2010. Hefði stofnun Landsréttar falið í sér mikla réttarbót þar sem nú væri tryggð milliliðalaus sönnunarfærsla á tveimur dómstigum.

Eitt meginmarkmiðið með upptöku millidómstigs var að tryggja að íslensk réttarfarslöggjöf uppfyllti skilyrði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um milliliðalaus sönnunarfærslu. Meginreglan um milliliðalaus sönnunarfærslu felur í sér að öll sönnunargögn í máli skuli færa fram fyrir þeim dómurum sem dæma málið. Með upptöku millidómstigs var betur komið til móts við kröfur um milliliðalaus sönnunarfærslu þar sem gert er ráð fyrir munnlegri sönnunarfærslu fyrir Landsrétti, en þó að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Annað markmið með upptöku millidómstigs var að létta álag af Hæstarétti og tryggja að honum yrði betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi og réttarskapandi dómstóll. Þá var það markmið með breyttri dómstólaskipan að stuðla að vandaðri og trúverðugri málsmeðferð í málum þar sem reynir á sérfræðileg atriði. Eiga framangreindar breytingar að fela í sér verulegar réttarbætur og vera til þess fallnar að bæta gæði dómsúrlausna.

Í frumvarpi til nýju dómstólalaga nr. 50/2016 var rík áhersla lögð á að lagabreytingarnar stuðluðu að því að bæta dómskerfið en að dómstólaskipanin og málsmeðferðarreglurnar yrðu þó eins hagkvæmar og skilvirkar og kostur væri. Til að bregðast við lengingu á málsmeðferðartíma var lagt til að áfrýjunarfrestur í einkamálum yrði stytur, ný og endurtekin sönnunarfærsla fyrir Landsrétti yrði takmörkuð eins og unnt væri, möguleikar á að kæra dóma og úrskurði Landsréttar til

Hæstaréttar yrðu takmarkaðir og tiltölulega þröng heimild yrði til að áfrýja héraðsdómum í einkamálum beint til Hæstaréttar. Þó var haft að leiðarljósi að skerða ekki aðgengi að dómstólunum með því að takmarka möguleika á áfrýjun og kæru til Landsréttar.

Áhrif breyttrar dómstólaskipunar

Tilgangur fundar Lögmannafélagsins var einkum að fá viðbrögð frá félagsmönnum varðandi hina nýju dómstólaskipun, hvað sé vel gert og hvað megi bæta en Lögmannafélagið heldur reglulega samráðsfundi með dómstólum, dómstólasýslunni og stofnunum þar sem færi gefst á að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Nýr Landsréttur

Í framsögu Berglindar kom fram að eftir fyrsta ár Landsréttar mætti almennt segja að vel hefði tekist til við breytingarnar, þótt vissulega mætti laga ýmsa agnúa. Hefði Lögmannafélagið nú þegar átt einn samráðsfund með Landsrétti þar sem rædd voru ýmis mál og athugasemdir lögmanna, þar á meðal of langur málsmeðferðartími

kærumála hjá Landsrétti, tímamörk greinargerðarskila, ákvörðun málsvarnarlauna og staða prófmanna.

Á fundinum sköpuðust góðar umræður og tóku lögmenn almennt undir það að starfsemi Landsréttar færi vel af stað og að húsnaði réttarins og aðstaðan væru mjög fín. Hafði einn lögmaður á orði að hans upplifun væri að dómara við Landsrétt spyrðu meira en dómara bæði í héraði og í Hæstarétti og tækju virkari þátt í málflutningi og þinghöldum. Það hlyti að vera jákvætt og stuðla enn frekar að rétttri niðurstöðu mála.

Á fundinum var einnig rætt um framkvæmd undirbúningsþinghalda í Landsrétti. Virðast undirbúningsþinghöld almennt vera fremur óformleg en lögmenn eiga þó að vera í skikkju. Einn lögmaður nefndi að honum þætti einkennilegt að ákvarðanir um málarekstur væru ekki teknar í undirbúningsþinghaldinu sjálfu, svo sem um næsta þinghald í máli, heldur væru þær sendar síðar í tölvupósti og kæmu þá frá aðstoðarmönnum dómara. Liði stundum töluverður tími frá þinghaldi þar til slíkur tölvupóstur

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is

VISSULEGA VÆRU FLEIRI DÓMARAR VIÐ
LANDSRÉTT EN Á MÓTI KÆMU
UNDIRBÚNINGSPINGHÖLD SEM ÞYNGDU
MÁLAREKSTURINN.

bærist og litlar upplýsingar hægt að veita umbjóðendum beint eftir þinghald. Staða prófmanna fyrir Landsrétti var einnig til umræðu á fundinum. Prófmenn hafa ekki heimild til að mæta einir í undirbúningsþinghöld hjá réttinum en lögmenn voru sammála um að rétt væri að breyta því. Prófmönnum væri treyst til að mæta einir í aðalmeðferð og hefðu oft fylgt máli frá upphafi þess. Leiddi núverandi fyrirkomulag stundum af sér verulega aukinn kostnað fyrir umbjóðendur þar sem málareksturinn gæti falið í sér töluverðan undirbúning þess lögmans sem þyrfti að mæta í undirbúningsþinghöldin.

Misjafnar skoðanir virðast vera um málskostnaðarákvarðanir dómstóla. Sumir telja skort á samræmi milli dómara í því sambandi meðan aðrir telja málskostnaðarákvarðanir almennt vera að lagast, einkum þegar góð og vel ígrunduð tímaskýrsla er lögð fram í máli. Lögmenn voru þó sammála um að upp á vantaði að dómarar rökstyddu betur ákvörðun sína um málskostnað.

Hvað varðar málsmeðferðartíma í Landsrétti nefndi einn lögmaður að hann óttaðist að vandamál Hæstaréttar myndu einungis færast niður til Landsréttar, þ.e. að málsmeðferðin myndi dragast þar eins og hjá Hæstarétti áður. Vissulega væru fleiri dómarar við Landsrétt en á móti kæmu undirbúningsþinghöld sem þyngdu málareksturinn. Nefndi hann að ein leið til lausnar gæti verið að auka heimildir aðila til að fara með mál beint úr héraði til Hæstaréttar og dreifa þannig álaginu betur milli dómstiga.

Nokkrir lögmenn viðruðu einnig áhyggjur sínar af kostnaði umbjóðenda við að reka mál í gegnum þrjú dómstig. Í því sambandi var t.d. nefnt að vinna við umsögn áfrýjunarleyfis getur verið töluverð og þann kostnað þurfa umbjóðendur að bera ef áfrýjunarleyfi fæst ekki, sem sé í mörgum tilvikum verulega þungbært fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki. Varðandi kostnað við rekstur dómsmála almennt séð þá höfðu nokkrir lögmenn einnig verulegar áhyggjur af tilteknum málaflokkum. Væri staðan í raun sú að möguleikar einstaklinga til að fara fyrir dóm væru tæpast til staðar í sumum málaflokkum, t.d. í neytendamálum.



Berglind Svavarsdóttir formaður, stóð ásamt stjórn Lögmannafélagsins fyrir félagsfundi um nýja dómstólaskipan.

ÁRIÐ 2018 VORU 24,6% AFGREIDDRA
MÁLKOSTSBEIÐNA TIL HÆSTARÉTTAR
SAMÞYKKTAR

Voru viðstaddir sammála um að þarna þyrfti að gera breytingar. Voru í því sambandi nefnd úrræði eins og að að efla úrskurðarnefndir, gera niðurstöður þeirra bindandi í fleiri tilvikum og bæta í lög gjafsóknarheimildum í stjórnáskilumálum, sem oft og tíðum væru tímafrek og veruleg að umfangi.

Breytt hlutverk Hæstaréttar

Í framsögu Berglindar kom fram að með tilkomu millidómstígs hefði skapast tilefni fyrir Hæstarétt til að sinna veigameiri og fordæmisgefandi málum. Ekki væri komin slík reynsla á starfsemi Hæstaréttar eftir breytingarnar að hægt væri að draga miklar ályktanir þar um en einhverjir teldu sig þó þegar sjá breytingu í samningu dóma réttarins, þeir virðist í öllu falli ítarlegri og jafnvel í meiri kennslustíl en áður. Breytingar virðast einnig hafa orðið á málflutningstíma lögmanna fyrir Hæstarétti en rétturinn hefur veitt lögmönnum málflutningstíma upp í allt að 60 mínútur.

Berglind greindi frá því að árið 2018 höfðu 24,6% afgreiddra málskostsbeiðna til Hæstaréttar verið samþykktar. Það væri töluvert hærra hlutfall en tíðkast á öðrum Norðurlöndum þar sem hlutfallið er um 10-12%. Í því sambandi þyrfti þó



Frá félagsfundum á Hilton þann 14. febrúar síðastliðinn.



að hafa í huga að ekki hefði fyllilega reynt á afgreiðslu málskotsbeiðna í einkamálum fyrir en líða tók á árið 2018. Mun tíminn því leiða í ljós hvort hlutfallið breytist eða haldi sér.

Kæruheimildir réttarfarsatriða til Hæstaréttar voru einnig ræddar á fundinum. Var því álitafni velt upp hvort þær væru skilgreindar of þröngt í lögum og aðgengi borgaranna að dómstólnum því skert um of. Er ljóst að slíkum heimildum er þröngur stakkur skorinn í lögum og eingöngu í fáum tilvikum hægt að kæra réttarfarsatriði til Hæstaréttar. Voru lögmenn á því að þetta þyrfti að skoða en þá væri lagabreytinga þörf. Á fundinum var einnig ræddur munurinn á meðferð kæruleyfa og áfrýjunarleyfa til Hæstaréttar. Meðferð kæruleyfa felur oft í sér meiri vinnu en meðferð áfrýjunarleyfa því við kærumeðferð þarf strax að senda fullbúinn pakka til réttarins án tillits til hvort kæruleyfi verði veitt. Voru einhverjir á því að þessu þyrfti að breyta þannig auðveldara yrði að vinna kærumálin og kostnaður umbjóðenda yrði ekki jafn mikill ef kæruleyfi fengist ekki.

Rafvæðing réttarkerfisins

Á fundinum sköpuðust talsverðar umræður um rafvæðingu réttarkerfisins. Í erindi sínu nefndi Berglind að með tilkomu millidómstigs hefði skapast kjörið tækifæri til að gera breytingar á verklagi dómstólanna og koma málsmeðferð fyrir dómstólum í nútímalegra horf. Væri t.a.m. orðið verulega brýnt að rafvæða vinnslu dómsmála þannig hægt væri að senda málsgögn til dómstóla með rafrænum hætti. Nefndi Berglind í því sambandi að búið sé að skipa verkefnahóp á vegum dómsmálaráðuneytisins sem sé að vinna að þessum málum auk þess sem vinna sé í gangi hjá dómstólasýslunni. Vonir standi því til að tækniþróun skili sér inn í réttarkerfið fyrir en seinna. Á fundinum tóku lögmenn undir mikilvægi þess að settur yrði verulegur kraftur í rafvæðingu vinnslu dómsmála. Verulegur tími færi t.d. í að útbúa málsgögn, fjölfalda þau og setja í hefti.

...VINNA VIÐ UMSÖGN ÁFRÝJUNARLEYFIS GETUR
VERIÐ TÖLUVERÐ OG ÞANN KOSTNAÐ ÞURFA
UMBJÓÐENDUR AÐ BERA EF ÁFRÝJUNARLEYFI
FÆST EKKI.

Það væri mjög bagalegt í ljósi stuttra fresta til að kæra og áfrýja málum og hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir umbjóðendur, fyrir utan að vera afar óumhverfisvænt.

Að lokum

Tilgangur fundar Lögmannafélagsins var að fá viðbrögð frá félagsmönnum varðandi nýja dómstólaskipan. Fundarmenn virtust almennt vera á því að vel hefði tekist til við breytingarnar þótt slípa þurfi sitt hvað til. Margar þeirra ábendinga sem komið hafa frá lögmönnum hafa í för með sér að breyta þarf lögum og stranda þær því ekki á afstöðu dómstólanna. Á það t.d. við um lengingu áfrýjunarfrests og stöðu prófmanna í undirbúningsþinghöldum fyrir Landsrétti. Verður fróðlegt að sjá hver niðurstaða um þær verður og hvernig til tekst í framhaldinu.

LOGOS

Reykjavík · London

HVAÐ SEGJA LÖGMENN?

RITSTJÓRN LÖGMANNABLAÐSINS HEYRÐI Í
NOKKRUM LÖGMÖNNUM. HVERNIG FINNST
ÞEIM HIN NÝJA DÓMSTÓLASKIPAN FARA AF
STAÐ?

Í kjölfar fundarins framkvæmdi ritnefnd Lögmannaþingsins óformlega (og óvísindalega) könnun meðal lögmanna. Var það gert með því að hafa samband við nokkra lögmenn og þeir beðnir að lýsa skoðun sinni á hinni nýju dómstólaskipan og ýmsu sem fylgir henni. Almenn séð virðast lögmenn sátta við húsnaði Landsréttar, aðstöðu og staðsetningu réttarins. Nokkrir lögmenn nefndu þó að þeim þætti vanta meiri aðskilnað milli aðstöðu dómara og lögmanna þar sem dómarar verða að fara í gegnum hið almenna rými hússins til að fara í dómsal. Einhverjir nefndu það einnig að húsgögn og útlit hússins hefði ekki yfir sér sama virðingarblæ og t.d. Hæstiréttur. Margir lögmenn nefndu það sérstaklega að heimasíða Landsréttar væri óaðgengileg og erfitt að vinna með dómana eins og þeir birtast á síðunni.

Lögmenn voru á því að stjórnsýsla og viðmót starfsmanna Landsréttar væri gott. Margir nefndu aftur á móti að það væri slæmt að dómstóllinn væri lokaður í hádeginu enda væri sá tími oft notaður til þess að skjóttast til að sækja gögn eða skila af sér.

Þá voru flestir lögmenn á því að undirbúningsþinghöld væru í eðli sínu framför frá þeirri málsmeðferð sem verið hefur í Hæstarétti. Þó voru skiptar skoðanir um það hvernig þau væru framkvæmd.

Hvað varðar framkvæmd aðalmeðferða töldu lögmenn sig ekki finna mikinn mun á veittum málflytningstíma eða fjölda spurninga frá dómurum frá því sem tíðkast hefur. Einn lögmaður tók hins vegar sérstaklega fram í þessu sambandi að dómstólar verði að láta af því að finna að skriflegum málflytningi lögmanna þar sem staðreyndin sé einfaldlega sú að munnleg málsmeðferð er ekki veruleikinn í ljósi hins skamma tíma sem lögmönnum er skammtaður í málflytningu fyrir dómi. Ekki var að heyra að lögmenn hefðu miklar athugasemdir við framkvæmd skýrslutaka í Landsrétti en einn lögmaður nefndi þó að hann hefði orðið var við hnökra í verkskiptingu vegna upplesturs skýrslu úr héraði. Lögmenn virðast vera sammála um að dómars Landsréttar séu vel samdir, jafnvel betur samdir en þeir hafi vanist. Þá þótti lögmönnum málsmeðferðartíminn í Landsrétti almennt vera mjög ásættanlegur og gerðu litlar athugasemdir við málskostnaðarákvarðanir réttarins.

Hvað varðar áfrýjun mála til Landsréttar þá voru lögmenn sammála um að fjögurra vikna áfrýjunarfrestur væri of skammur þegar áfrýjanir og greinargerðarskil lentu á jólum eða sumarfrí. Telja lögmenn nauðsynlegt að breytingar verði gerðar á þessu og frestir rýmkaðir a.m.k. þegar um er að ræða þessi tvö tímabil. Þess utan mátti heyra á lögmönnum að þeim þætti fresturinn í lagi. Þá voru þeir lögmenn sem ritnefnd heyrði í einnig einróma um að prófmenn ættu að fá að sitja undirbúningsþinghöld í Landsrétti.

Lögmönnum þykir Hæstiréttur almennt hafa afgreitt vel þær málskotsbeiðnir sem hafa borist réttinum. Einn lögmaður nefndi þó að rétturinn mætti veita ítarlegri rökstuðning þegar málskotsbeiðnum væri hafnað þannig að slíkar niðurstöður hefðu enn betra fordæmisgildi. Hlutfall samþykktra málskotsbeiðna virtist ekki hafa komið lögmönnum sérlega á óvart. Nokkrir lögmenn sem rætt var við voru á því að dómars Hæstaréttar í hinu nýja kerfi væru

skýrari og betri fordæmi en áður en aðrir töldu sig ekki geta sagt til um það. Þeir lögmennt sem höfðu verið í málflutningi hjá Hæstarétti eftir breytingar á dómstólaskipaninni fannst málsmeðferðin ekki mikið hafa breyst en einn lögmaður nefndi þó að hann hefði fengið rýmri málflutningstíma en áður.

Misjafnar skoðanir voru um kærueimildir til Hæstaréttar. Einn lögmaður taldi ekki ástæðu til að þær yrðu víðtækari en taldi hins vegar að einfalda þyrfti meðferð kærumála fyrir réttinum. Aðrir töldu hins vegar nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar í tengslum við kærueimildirnar. Þannig lagði einn lögmaður sérstaklega áherslu á að aðilar yrðu að geta kært frávísun máls til Hæstaréttar þegar máli hefði verið vísað frá í héraði og það staðfest í Landsrétti. Nauðsynlegt væri að fá skýr og góð fordæmi um slíkt réttarfarsatriði frá Hæstarétti sem þyrfti að geta samræmt

niðurstöður neðri dómstiga um frávísun mála frá dómi. Hvað varðar meðferð kæruleyfa og áfrýjunarleyfa tók einn lögmaður undir að fyrirkomulagið virtist stinga í stúf. Á móti kæmi þó að þegar réttarfarsatriðum væri skotið til Hæstaréttar þá ættu málin almennt ekki að vera þung í vöfum. Erfiðara væri þegar í raun reyndi á efnisatriði í kærumálum, t.d. í gjaldþrota- og aðfararmálum, þá væri bagalegt að hafa aðra meðferð en í áfrýjunarmálum.

Að lokum voru flestir lögmennt á því að setja þyrfti meiri kraft í rafvæðingu dómskerfisins þótt sumir hefðu ekki miklar skoðanir á því. Í því samhengi nefndu margir að nú væri enn meiri vinna fólgin í gerð málsgagna, því auk fjölföldunar gagna yrði að skanna þau inn á minniskubb.

Lagadeild



Metnaðarfullt nám í hæsta gæðaflokki

Lagadeild Háskóla Íslands hefur verið starfrækt frá stofnun skólans árið 1911. Mikil og góð reynsla er því fyrir hendi ásamt því að kennsluhættir eru í senn bæði nútímalegir og fjölbreyttir.

Markmið Lagadeildar er að brautskrá framúrskarandi lögfræðinga sem eigi ríkan þátt í að efla og styrkja íslenskt réttarkerfi, atvinnulíf og samfélag.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD

Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní.

hi.is/logfraedi



Bergþóra Ingólfssdóttir var skipuð í embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða í upphafi síðasta árs og flutti til Ísafjarðar í annarri viku janúarmánaðar. Þær voru ekki hversdagslegar móttökurnar þegar hún kom akandi inn Ísafjarðardjúp því stærðar örn hafði tyllt sér niður í fjöruborðinu og í sjónum synti hvalur.

FINNST GAMAN AÐ GEFA LÍFINU Á KJAFTINN ÖÐRU HVORU

Af hverju sóttist þú eftir þessu embætti?

Mig hefur alltaf langað að vera dómari og ég held að skapferli mitt henti betur dómarastarfi en lögmennsku. Mér fannst stundum erfitt að tala einvörðungu fyrir einum málstað þegar mér fannst að fólk ætti frekar að leita sátta. Þetta er nær mínu eðli, að reyna að horfa á báðar hliðar, reyna að vege og meta málin, reyna að finna út hvað er lögfræðilega rétt.

Dómarar koma úr ólíkum áttum og stundum hefur verið gagnrýnt að það séu ekki nægilega margir lögmenn í dómarastrétt. Hvernig nýtist lögmennskan þér og hvernig er að vera kominn hinum megin við borðið?

Já það er rétt, dómarar koma úr öllum áttum en eiga það þó sameiginlegt að vera menntaðir lögfræðingar. Leiðirnar sem menn fara eru ólíkar, sumir hafa komið úr lögmennsku, aðrir frá Umboðsmanni Alþingis eða komið úr stjórnslunni t.d. úr ráðuneytum og sumir fara inn í dómstólana sem aðstoðarmenn og eins hafa sumir dómarar starfað áður sem fræðimenn og koma úr háskólaumhverfinu.

Munurinn er sá að sem lögmaður er maður að halda á málstað umbjóðanda síns og finna allt sem styður hann og er þar með hlutdrægur. Ég var aðallega í einkamálum. Þar hefur maður forræði á málinu og þótt stór hluti starfsins felist í ráðgjöf og að setta er maður ekki hlutlaus. Í dómarastrarfinu þarf maður hins vegar að hefja sig yfir þetta, ef svo má að orði komast, líta á báðar hliðar og láta löggin ráða.

Á Vestfjörðum er bara einn dómari og því þarf Bergþóra að vinna að mörgum ólíkum verkefnum. „Stærri dómstólar eru með aðstoðarmenn og hlutverk hvers dómara kannski afmarkaðra. Sem lögmaður hef ég reynslu af því að vinna við ólík lögfræðileg verkefni og það nýtist vel núna.“

Við hvað fæst dómstóllinn dags daglega?

Dómstóllinn tekur á móti þeim verkefnum sem honum er ætlað að skera úr um og sinna. Hér eru mánaðarlega dómþing í einkamálum og þau geta verið af margvíslegum toga, bæði áritunarmál og önnur sem fara lengra og eru flutt munnlega. Þetta geta verið landamerkjadeilur, ágreiningur



UMDÆMI HÉRAÐSDÓMS VESTFJARÐA ER EIN
DÓMPINGHÁ OG HEYRA EFTIRTALIN
SVEITARFÉLÖG TIL HANS: REYKHÓLAHREPPUR,
VESTURBYGGÐ, TÁLKNAFJARÐARHREPPUR,
BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR,
ÍSAFJARÐARBÆR, SÚÐAVÍKURHREPPUR,
ÁRNESHREPPUR, KALDRANANESHREPPUR OG
STRANDABYGGÐ. ÁÐUR VORU TVEIR
PINGSTAÐIR Á VESTFJÖRÐUM, Á ÍSAFIRÐI OG Á
PATREKSFIRÐI.

um eignarrétt eða skaðabótamál en einnig innheimtumál og hvað eina sem á undir dómstóla. Svo eru hér einnig til meðferðar sakamál og önnur mál eins og beiðnir um gjaldþrotaskipti og aðfarargerðir. Eins eru rannsóknarmál, allar rannsóknargerðir lögreglu sem leita þarf úrlausnar dóms um, í þágu rannsókna á sakamáli. Hér þarf því að vera bakvakt allan sólarhringinn. Síðan þarf að reka dómstólinn og halda utan um stjórnýslulega þætti enda þótt við séum bara tveir starfsmennirnir.

Og hvernig finnst þér að vera komin hingað vestur?

Mér finnst það fínt enda hef ég í gegnum tíðina steypt lífi mínu á koll við og við. Ég fer t.d. í lögfræðináms 36 ára. Mér finnst gaman að prófa eitthvað alveg nýtt og ég var satt best að segja orðin dálítið leið á því sem ég var að gera sem lögmaður og langaði að breyta til. Ætli ég hafi ekki bara gaman af því að gefa lífinu á kjaftinn öðru hvoru. Þetta er auðvitað nýtt fyrir mér, ég á engar rætur hingað vestur og ekki maðurinn minn heldur en ég var þó í eitt sumar í vist á Þingeyri árið 1975.

Vestfirðir eru fallegir og mér finnst svo mikil reisin yfir Ísfirðingum, þeir eru beinir í baki og bjóða góðan daginn. Maður finnur líka að þetta er rötgróið menningarpláss og menn eru mjög stoltir af því. Það er mikið við að vera hérna og ég er aðeins að kynnast því. Maður þarf auðvitað alltaf að venjast nýjum stað en ég kann að meta kyrrðina og að vegalengdir innanbæjar eru nánast engar. Í vetur sem leið var allt á kafi í snjó en þá bara gengur maður, ég er korter að ganga í vinnuna.

Bergþóra segir samgöngurnar erfiðastar enda ekki hægt að reiða sig á að það sé flogið á veturna. „Flugið er skeikult og svo er landleiðin löng og erfið. Vestfirðingar benda á að það sé sett niður rör en síðan sé ekkert meira gert t.d. með Dynjandisheiðina. Ég held að það muni skipta sköpum fyrir Vestfirði þegar komin verður heilsárshringur.

Ferðamannastraumur er að aukast mikið og það komu 110 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar síðasta sumar. Skipin eru á stærð við fjöllin og það koma kannski á einum degi 5000 manns inn í bæinn.

Bergþóra hafði flosnaði uppúr menntaskóla árið 1982 í kennaraverkfalli og fór að vinna, var þá flutt að heiman og eignaðist fljótlega barn. „Ég fór að vinna hjá Alþýðusambandi Íslands og lengst í verkefnum sem tengdust Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og kynntist þar m.a Ásmundi Stefánssyni, Gvendi Jaka og Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og mörgu góðu fólki. Svo skynjaði ég breytingar í farvatninu og þá vildi ég ekki að aðrir myndu ákveða hvar ég endaði eða gerði, það vil ég gera sjálf.“

Á sama tíma var Bergþóra farin að hugsa um háskólanám og varð lögfræðin fyrir valinu. „Margir bentu mér á að fá undanþágu frá því að klára framhaldsskólann en ég vildi það ekki og fór upp í MH og sagðist þurfa að klára þetta stúdentspróf sem ég og gerði með vinnu á einni önn og fór svo um haustið í lagadeildina. Ég skildi á sama tíma við manninn minn og var þá einstæð móðir með tvö börn á stúdentagörðum. Mér fannst ég ansi gömul, var fertug við útskrift og vissi ekki hvernig það kæmi út, hélt það myndi reynast mér erfitt að fá starf, en svo var reyndin sú, á þeim tíma, að ég gekk beint í áhugavert starf á lögmannsstofunni Mandat þar sem ég var í 15 ár. Þetta var skemmtilegt starf en mér fannst tími til kominn fyrir mig til að breyta til og þá ákvað ég að láta slag standa og sækja um dómarastrarf.

Flökkueðlið

Sambýlismaður Bergþóru, Benedikt Ólafsson, vinnur sem lögmaður í Reykjavík og því halda þau tvö heimili. „Við látum þetta ganga, börnin okkar eru uppkomin og búa flest í Reykjavík með sínar fjölskyldur. Ég er örugglega kjörin í þetta starf enda ekki með börn í leik- eða grunnskóla, það væri flóknara enda þarf ég stundum að starfa fyrir sunnan.“ Bergþóra er nefnilega ekki bara dómari við Héraðsdóm Vestfjarða heldur er hún einnig svokallaður flakkari og er hluti starfsins fólgin í að sinna öðrum dómstólum, ef eftir því er leitað. „Verkefnin hér hafa minnkað af ýmsum ástæðum, aðallega vegna lagabreytinga, sumt hefur færst yfir til lögreglustjóra t.d. Til þess að koma til móts við mismunandi vinnuálag dómstóla hefur því verið komið þannig fyrir með lögum að allt að þrjú dómara eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Hluti af embættinu sem ég gegni fellur undir þessa heimild og á grundvelli hennar hefur dómstólasýslan falið mér að sinna störfum hjá Héraðsdómi Reykjaness meðfram störfum mínum hér fyrir vestan.

Ljóð eftir Bergþóru sem birtist í Tímariti Máls og menningar árið 1986.

Hún heldur fast í hljóðið

Ískrið í mölinni
stutt strik
sem mynda fótma, skref
fyrir skref.

Við útvegginn, maður
sem horfir á eftir henni.
Horfir
gegnum kristalstært höfuðið
sér
hvernig smágerður líkaminn
titrar.

Hún
heldur fast í hljóðið
það eitt veit
hún heldur áfram.

BERGÞÓRA GAF ÚT LJÓÐABÓKINA HRIFSUR
AÐEINS 18 ÁRA GÖMUL OG FÉKK UNGSKÁLDIÐ
GÓÐA DÓMA. „ÉG HEF ÁNÆGJU AF ÍSLENSKU
MÁLI OG HEFUR ALLTAF VEIST AUÐVELT AÐ
SKRIFA. LJÓÐRÆNAN Á ÞÓ EKKI ALLTAF VIÐ
HVORKI Í LÖGMENNSKUNNI EÐA
DÓMARASTARFINU,“ SEGIR HÚN OG HLÆR.

Flökkulífið á ágætlega við Bergþóru enda er hún von því að ferðast um frá því að hún var ung kona hjá Alþýðusambandinu. „Þá fór ég mikið út á land að halda námskeið og var oft nokkra daga í burtu, maður keypti 200 kg. af sandi á haustin og setti í skottið á Escortinum og keyrði af stað. Í lögmennskunni sinni ég því að vera með viðtalstíma úti á landi og fór hálfmánaðarlega austur á Selfoss. Að flakka er mitt karma.

Skjalaburðurinn mikli

Bergþóra hefur mikinn áhuga á auka þátt rafræns réttarkerfis enda oft með mikinn farangur þegar hún fer á milli dómstóla. „Þegar ég er á þessu flakki þá er ég oftast með fullt af málskjölum. Það er töluvert mál að flakka með þetta. Fyrir flökkukind eins og mig er því mikið fagnaðarefni að það sér verið að skoða vel þennan rafræna þátt.

Telur þú að það sé öðruvísi að vera kvenkyns dómari en karlkyns? Það var tekið mjög vel á móti mér í þessu umhverfi og öllu þessu kerfi í kringum dómstólana. Nei, ég finn það allavega ekki. Þegar ég byrjaði í lögmennsku þá hélt ég að ég myndi finna mikið fyrir því að vera kona í karllægu umhverfi en það kom mér ánægjulega á óvart hvað allir tóku mér vel. Ég hef samt heyrt margar sögur þar sem konur eru vanmetnar. Ég var orðin fertug þegar ég byrjaði í lögmennsku og aldurinn hjálpar, maður finnur það alveg í þessu og svo reynslan. Ég er hins vegar sannfærð um að það skiptir verulegu máli að konur séu dómara til jafns við karla.

Það hefur verið í nógu að snúast að koma sér inn í starfið og hefja lífið á nýjum stað en nú stefnir Bergþóra á að læra á gönguskíði enda mikil útivistarmanneskja og fyrrum hlaupari. Hún stefnir líka á að sækja ferðir með ferðafélaginu á staðnum og njóta fegurðar Vestfjarða í botn.



Marín Guðrún Hrafnisdóttir

Andri Andrason hdl.
Andri Árnason hrl.
Bjarni Aðalgeirsson hdl.
Edda Andradóttir hrl., LL.M.
Finnur Magnússon hrl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Simon David Knight
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 590 4400
www.juris.is



1 SYSTEMS
One

1 SYSTEMS
OneRecords
Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT
mála- og skjalakerfi
sem hentar vel fyrir
LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS
OneDragDrop
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaögang.
(spjalddölvulesaögangur að kerfinu)





One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

1 SYSTEMS
One

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

LAGADAGURINN 2019

HALDINN 29. MARS Í HÖRPU



TJÁNINGAR-, FJÖLMIÐLA- OG UPPLÝSINGAFRELSI

Lagabreytingar á sviði tjáningarfrelsis

ÚRLAUSN ÁGREININGSMÁLA UTAN DÓMSTÓLA

Raunhæfur valkostur við lausn réttarágreinings?

YFIRSTJÓRNUNAR- OG EFTIRLITSHEIMILDIR STJÓRNVALDA

Samspil ráðherra og sjálfstæðra úrskurðarnefnda

RANNSÓKN OG MEÐFERÐ KYNFERÐISBROTAMÁLA

Hvað má betur fara í íslensku réttarkerfi?

ÁBYRGÐ OG RÉTTARÖRYGGI STJÓRNENDA OG STJÓRNAR- MANNA MEÐ HLIÐSJÓN AF DÓMUM UM UMBOÐSSVIK

Hvert er upphaf og endir umboðs þeirra, hlutverks og ábyrgðar?

ÖRMÁLSTOFUR

- I. Ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- II. Höfundaréttur og gervigreind
- III. Allt er vænt sem vel er grænt, en hvað eru græn skuldabréf?
- IV. Brexit

Nánari upplýsingar og skráning á www.lagadagur.is

Sjá auglýsingu um kvölddagskrá á bls. 43

FJÁRHAGSLEG ÖRORKA

– MÁLÞING UM MAT Á
VARANLEGGRI ÖRORKU

ARNA PÁLSDÓTTIR LÖGMAÐUR



Er hægt að gera raunverulegt og raunhæft mat á örorku samkvæmt skaðabótalögum? Hver er til þess fallinn að spá fyrir um framíðar-tekjumöguleika og er e.t.v. verið að meta örorku of snemma? Þessum og fleiri spurningum um örorkumat var velt upp á málþingi sem Íslenska tryggingalækisfræðifélagið stóð fyrir á dögnum.

Málþingið varðaði mat á varanlegri örorku samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga. Fundarstjóri var Magnús Páll Albertsson sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum en erindi fluttu þau dr. Guðmundur Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Óðinn Elísson lögmaður, Arna Pálsdóttir lögmaður og forstöðumaður persónutjóna hjá TM, Sigurður R. Arnalds lögmaður og matsmaður og Ragnar Jónsson bæklunarskurðlæknir og matsmaður.

Fyrsta rannsókn sinnar gerðar hér á landi

Fyrstur tók til máls dr. Guðmundur Sigurðsson og greindi hann frá rannsókn sem hann er að vinna að þessi misserin

sem snýr að „minni“ örorkumötum þ.e. þegar varanleg örorka er metin undir 15%. Guðmundur birti tölfræði um uppgjör váttryggingafélaganna samkvæmt skaðabótalögum árið 2016 og þar mátti sjá að af 1371 uppgjöri voru 1060 mál uppgjör á varanlegri örorku sem metin var frá 1-15%. Rannsóknarspurningar Guðmundar eru þrjár: Er ástæða til að ætla að örorka í þeim málum þar sem hún er metin 1-15% sé rétt metin? Er sá sem fær bætur fyrir slíka örorku í raun að fá allar þær bætur sem hann fær greiddar sem eingreiðslu? Og að lokum spyr Guðmundur hvaða heildaráhrif greiðsla skaðabóta í þessum málum getur haft á kostnað váttryggingataka í formi hærri iðgjalda?

Guðmundur tók fram að ekki væri hægt að skoða mál þar sem uppgjör fór fram samkvæmt lágmarkslaunum skaðabótalaga. Í þeim málum sem tekin eru til skoðunar verður tjónþoli að hafa verið á vinnumarkaði þegar tjónsatburður átti sér stað svo samanburður fyrir og eftir slys byggir á raunverulegum tekjum viðkomandi. Samkvæmt Guðmundi getur því niðurstaðan eingöngu verið á þrjá vegu: Tekjur tjónþola eru lægri, sambærileg eða hærri eftir slys.

Guðmundur leggur áherslu á að komast að heildaráhrifum greiðslna skaðabóta og kostnaði fyrir váttryggingataka. Hann veltir því upp hvort tjónþoli muni í raun greiða þá fjárhæð sem hann fær greidda í eingreiðslu vegna örorku síðar í formi hærri iðgjalda?

Guðmundur var ekki með svörin við rannsóknarspurningum sínum á málstofunni en var vongóður um að hafa þau seinna á þessu ári.

Fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs

Óðinn Elísson lögmaður fór í stuttu máli yfir söguna. Hann benti á að hér áður fyrr var mat á líkamstjóni eingöngu læknisfræðilegt mat sem framkvæmt var af læknum. Það hafi mætt mikilli gagnrýni þar sem læknisfræðilegt mat gæfi ekki rétta mynd af tjóni einstaklings. Megintilgangurinn með setningu skaðabótaganna hafi verið að taka upp fjárhagslegt mat í stað læknisfræðilegs. Óðinn reifaði Hrd. 317/1997 en í málinu er komist að þeirri niðurstöðu að í aflahæfi manna séu fólgin eignarréttindi sem njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar og að mismunun á bótarétti á grundvelli fjárhagslegs mats eða læknisfræðilegs færi í bága við 65. gr. sbr 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Óðinn gaf lítið fyrir að taka upp 15% lágmarksörorku líkt og er í Danmörku. Hann telur slíka reglu ganga gegn megintilgangi skaðabótaga, þ.e. að tjónþoli fái tjón sitt að fullu bætt. Að hans mati eru lægstu mötin ekki algeng þ.e. þegar varanleg örorka er metin 1, 2 eða 3%. Hann bendir hins vegar á að atvik geta vel verið með þeim hætti að rétt niðurstaða sé 3% varanleg örorka en „mat á varanlegri örorku er og skal vera einstaklingsbundið.“

Örorka til „öryggis“ ?

Arna Pálsdóttir lögmaður og forstöðumaður persónutjónadeildar hjá TM velti því m.a. upp hvort mögulega væri verið að meta varanlega örorku of snemma. Sagði hún að í lágörorkumálum, þegar varanleg örorka er metin undir 15%, gefa upplýsingar um tekjur tjónþola eftir slys sjaldnast vísbendingu um skert aflahæfi hans. Oftast hafa þær staðið í stað eða jafnvel hækkað. Gjarnan segi í forsendum matsgerða að of stutt sé liðið frá slysi til að hægt sé að taka til skoðunar tekjur tjónþola eftir slys eða draga af þeim einhverjar ályktanir. Arna segir að hennar tilfinning sé sú að sönnunin fyrir fjárhagslegri örorku sé á ákveðnum villigötum. Það sé almennt látið nægja til að meta fjárhagslega örorku að tjónþoli sé metinn til miska og að ekki verði útilokað að miskinn muni síðar hafa áhrif á aflahæfi tjónþola. Þannig má segja að í sumum málum sé metin „örorka til öryggis“.

Arna kom einnig inn á margföldunarstuðul 6. gr. skaðabótaga og benti á ákveðið misræmi milli aðferða við mat á varanlegri örorku og svo á útreikningi bóta fyrir varanlega örorku. Matið tekur mið af raunverulegu fjártjóni

ALMENNT ER LÁTIÐ NÆGJA AÐ TJÓNÞOLI SÉ METINN TIL MISKA OG AÐ EKKI VERÐI ÚTILOKAÐ AÐ MISKINN MUNI SÍÐAR HAFNA ÁHRIF Á AFLAHÆFI TJÓNÞOLA. ÞANNIG MÁ SEGJA AÐ Í SUMUM MÁLUM SÉ METIN „ÖRORKA TIL ÖRYGGIS“.

í framtíð tjónþola en útreikningur bóta tekur mið af stöðu tjónþola á stöðuleikapunkti sem í flestum tilfellum er metinn 3-6 mánuðum eftir slys. Hugsunin að baki mati á fjárhagslegri örorku rímar því ekki við hugsunina að baki útreikningi bóta.

Mat á fjárhagslegri örorku

Næstur tók til máls Sigurður R. Arnalds, lögmaður og reyndur matsmaður. Sigurður benti á að íslenskur vinnumarkaður skeri sig úr í Evrópu hvað varðar yfirvinnu ýmissa starfsstétta. Taka verður til skoðunar skerta getu tjónþola til að afla tekna með yfirvinnu vegna slyss. Í erindi sínu varpaði Sigurður upp tölfræði sem sýndi að greiddum vinnustundum í mánuði hefur fjölgað frekar en fækkað frá árinu 2010. Þá sagði Sigurður að þar sem laun fyrir yfirvinnu eru umtalsvert hærri fyrir dagvinnu hefur skerðing yfirvinnustunda vegna afleiðinga slyss hlutfallslega meiri áhrif á tekjur en skerðing dagvinnustunda.

Sigurður benti á að ýmis atriði koma til skoðunar við mat á varanlegri örorku. Bendir hann á tilvik þar sem tjónþoli er í sama starfi eftir slys og með sömu laun en getur ekki sinnt sömu verkefnum og áður. Hann nýtur skilnings vinnuveitanda en ef breytingar verða hjá yfirmönnum eða eigendum gætu aðstæður breyst. Þannig standi tjónþoli hallari fæti á vinnumarkaði vegna slyssins, segir Sigurður.

Að mati Sigurðar felst lítil lausn í að taka upp 15% lágmarksörorku líkt og er í Danmörku og vísaði til þess að íslensku skaðabótagögin hafa þróast á annan veg en þau dönsku m.a. með upptöku aldurstengds margföldunarstuðuls við útreikning bótafjárhæðar. Þá benti hann á ólíkan vinnumarkað landanna tveggja þar sem mikill munur er á unnum yfirvinnustundum og áréttaði að ávallt skuli hafa í huga markmið skaðabótaga, að tjónþoli fái tjón sitt bætt.



Frá málþingi um varanlega örorku.

Raunhæft mat á varanlegri örorku?

Síðastur til máls tók Ragnar Jónsson sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum. Ragnar, sem hefur áratuga reynslu af matsstörfum, kom m.a. inná hverjir skulu meta varanlega örorku. Vísaði Ragnar í greinargerð með skaðabótalögum þar sem lagt var til að horfið yrði frá læknisfræðilegu mati og í stað kæmi svonefnt fjárhagslegt örorkumat þar sem lagt er mat á þá skerðingu sem líkamstjón hefur haft á aflagetu tjónþola. Þannig geta örorkumöt ekki eingöngu verið í höndum lækna en lang algengast er að sjá lækni og lögmann meta afleiðingar líkamstjóns saman. Ef líkamstjón veldur varanlegri skerðingu á getu tjónþola til að afla vinnutekna á hann rétt á bótum fyrir varanlega örorku. Leggja skal raunhæft fjárhagslegt mat á þau áhrif sem líkamstjón hefur á aflahæfi viðkomandi. Í erindi sínu spyr Ragnar hvernig leggja skuli mat á þessi raunverulega áhrif þar sem framtíðin sé með öllu óupplýst. Við matið eru bornar saman tvær atburðarásir þar sem tekjur tjónþola fyrir slys eru bornar saman við áætlaðar tekjur hans eftir slys. Séu tekjur óbreyttar eftir slys telur Ragnar að matið á líkamstjóninu og hugsanlegum áhrifum þess hljóti að vera ráðandi við matið á örorkunni. Í lokin spurði Ragnar

hvort hægt sé í raun að gera raunverulegt og raunhæft mat á örorku samkvæmt skaðabótalögum? Um er að ræða mat á tjóni sem ekki hefur orðið. Er mat á framtíðartjóni jafnvel einhvers konar „Kristalkúlu-fræði“?, spurði Ragnar að lokum.

Að lokum

Pallborðsumræður voru líflegar og fjöldi spurninga bárust úr sal sem Magnús Páll stjórnaði af röggsemi. Framsögumenn voru sammála um að form- og efnisreglur um störf og hæfni matsmanna væru til bóta og til þess fallnar að efla traust á matskerfinu. Nokkur umræða varð um örorkunefnd sem starfar á grundvelli 11. gr. skaðabótalaga en svo virðist sem flestir séu sammála um að hlutverk hennar í dag sé ekki það sem stefnt var að við setningu laganna.

Tilgangur málstofunnar var að fjalla um mat á varanlegri örorku samkvæmt skaðabótalögum. Framsöguerindin voru vönduð og vel fram sett. Samhljómur var um að efla megi gagnsæi í matskerfinu og einkenndist umræðan af von um frekari umræðu um málefnið.

LANDSLÖG



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is

Útskrifuðum lögfræðingum frá HR stendur til boða að sækja einstök námskeið í lagadeild með **50% afslætti**.

Sjá nánar á: hr.is/lagadeild



Endurmenntun fyrir lögfræðinga

// Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á endurmenntun fyrir lögfræðinga með námskeiðum á meistarastigi //

Námskeið á haustönn 2019

Alþjóðleg lausafjárkaup
Tilkynnt síðar

Alþjóðlegur skattaréttur II
Páll Jóhannesson

Stjórnsýsluréttur – Verkefni stjórnvalda, valdmörk o.fl.
Margrét V. Kristjánsdóttir

Skuldaskilaréttur
Eiríkur Elís Þorláksson

Hjúskapar- og sambúðarréttur
Dógg Pálsdóttir

Íþróttaréttur
Ragnar Baldursson

Vinnuréttur
Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Sonja Berndsen

Líkamstjónaréttur
Þóra Hallgrímsdóttir og Guðmundur Sigurðsson

Sjó- og flutningaréttur
Tilkynnt síðar

Tækniréttur (hugbúnaður og internetið)
Lára Herborg Ólafsdóttir

EES-samningurinn: Uptaka og innleiðing
Margrét Einarsdóttir og Lilja Ólafsdóttir

 Námskeið kennd á ensku

European Convention on Human Rights
Ragna Bjarnadóttir og Davíð Þór Björgvinsson

International and European Energy Law - Icelandic Energy Law
Kristín Haraldsdóttir og fleiri

International Standards of Investment Protection
Finnur Magnússon

European Law: Internal market
Hallgrímur Ásgeirsson

EEA Moot Court Competition
Tilkynnt síðar

International Law of Arbitration* (fyrri hluti annar)
Garðar Víðir Gunnarsson

Dispute resolution (seinni hluti annar)
Lilja Bjarnadóttir

Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot I
Garðar Víðir Gunnarsson

Námskeið á vorönn 2020

Fasteignakauparéttur
Ivar Pálsson

Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir
Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald

Neytendaréttur
Halldóra Þorsteinsdóttir

Réttarsálfræði
Jón F. Sigurðsson, Anna K. Newton og Gísli Guðjónsson

Skipulögð glæpastarfsemi
Tilkynnt síðar

Félag- og fjármálamarkaðsréttur
Andri F. Bergþórsson og Magnús H. Magnússon

Málstofa í þjóðarétti
Þórdís Ingadóttir

Fullnusturéttarfar
Eiríkur Elís Þorláksson

Verktaka- og útboðsréttur
Erlendur Gíslason, Jón E. Malmquist og Sigurður S. Júlíusson

Persónuupplýsingaréttur
Vigdís Eva Línal og Alma Tryggvadóttir

Alþjóðlegur einkamálaréttur (fyrri hluta annar)
Eiríkur Elís Þorláksson

Hagnýtur samningaréttur (fyrri hluta annar)
Tilkynnt síðar

Samningatækni (seinni hluta annar)
Kristján Vigfússon

 Námskeið kennd á ensku

EU Constitutional Law
Haukur Logi Karlsson

European Law: Financial Services
Hallgrímur Ásgeirsson

Law of Private Equity Finance (seinni hluta annar)
Ingvar Ásmundsson

Entertainment Law (fyrri hluta annar)
Sigríður Rut Júlíusdóttir

The International Law of the Sea
Bjarni Már Magnússon

Trade Mark Law
Ásdís Magnúsdóttir

Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot II
Garðar Víðir Gunnarsson



GUÐRÚN ÓLÖF OLSEN OG
ÞORBJÖRG ÁSTA LEIFSDÓTTIR



STARFSUMHVERFI LÖGMANNA Í DANMÖRKU

Ljóst er að nán tengsl Íslendinga og Dana í gegnum tíðina hafa gert það að verkum að réttarkerfi þessara tveggja landa eru náskyld. Þegar kemur að starfsumhverfinu á lögmannsstofum landanna má þó finna nokkurn mun sem helgast kannski helst af sérhæfingu danskra lögmannna.

Danskt dómsskerfi, ólíkt því íslenska, er að öllu leyti rafrænt, sem er nokkuð sem mætti skoða að bæta úr á Íslandi. Jafnframt eru lögfræðingar í Danmörku skyldugir til að starfa sem fulltrúar í þrjú ár áður en þeir geta öðlast lögmannsréttindi. Að lokum er starf lögmannna í Danmörku að jafnaði bundið við tiltekið, þröngt réttarsvið, þar sem viðkomandi öðlast mikla sérhæfingu. Það er heldur ólíkt því

sem þekktist heima, en muninn má rekja til stærðar íslensku þjóðarinnar, þar sem erfitt er að halda uppi samskonar sérhæfingu í landi með sextán sinnum færri íbúa.

Á undanförunum fjórum árum hafa undirritaðar fengið tækifæri til þess að kynnst því hvernig er að starfa sem lögfræðingar á lögmannsstofum í Kaupmannahöfn, eftir að hafa fengið örlytla reynslu sem laganemar á Íslandi. Guðrún hefur starfað frá sínum fyrsta degi í Danmörku á lögmannsstofunni NJORD Law Firm í málflutningsdeild, sem leggur áherslu á Evrópu- og samkeppnisrétt, enda var það eina sérsviðið sem ekki krafðist móðurmálsfærni í dönsku. Þorbjörg hefur öðlast sína reynslu á einni af stærstu lögmannsstofum Danmerkur, Kromann Reumert, þar sem yfir 550 manns starfa, þar af rúmlega 300 lögfræðingar og lögmennt.

Rafrænt dómsskerfi

Í byrjun árs 2018 var tekið í notkun rafrænt dómsskerfi í öllum dómstólum Danmerkur, með það að markmiði að gera réttarkerfið skilvirkara og einfaldara. Einkamál eru höfðuð með þeim hætti að lögmaður stefnanda eða stefnandi sjálfur

skrár sig inn á vefsíðu dómsskerfisins, www.minrettsag.dk, með því að nota kennitölu lögmannsstofunnar eða stefnanda. Hver kennitala í Danmörku er tengd við svokallað NemID, sem helst má líkja við auðkennislykilinn á Íslandi, sem tryggir að einungis eigandi auðkennislykilsins geti skráð sig inn á vefsíðu dómstólsins. Þegar viðkomandi hefur opnað vefsíðuna, þarf hann að skilgreina hvers konar mál hann hyggst höfða, t.d. almennt dómsmál, dómsmál er varða húsnæðistengdan ágreining, skilnað hjóna eða önnur mál. Þar á eftir eru upplýsingar um aðila máls skráðar inn, varnarþing, dómskröfur og málsatvik. Með þessari uppsetningu er ætlað að einfalda aðilum að höfða mál í eigin nafni, en til frekari einföldunar fylgja ítarlegar leiðbeiningar hverju skrefi í skráningarkerfinu sem útskýra hvað þarf að koma fram.

Þegar allar nauðsynlegar upplýsingar hafa verið færðar inn í rafræna kerfið er stefnda tilkynnt um það með sjálfvirkum tölvupósti sem er tengdur við kennitölu hans. Stefndi getur einn opnað tölvupóstinn og hefur stefnan þar með verið birt. Í kjölfarið veitir dómstóllinn stefnda frest til að skila greinargerð og þingfestir málið. Ekki er möguleiki á að hefja dómsmál öðruvísi en í gegnum þessa vefsíðu og sama gildir vilji aðilar senda tölvupóst á dómara eða fylgiskjöl.

Tæknivæðing dómstóla hefur haft í för mér sér miklar breytingar í starfi lögmannna, en þar má helst nefna þann tíma og kostnað sem sparast af prentun gagna í fimm til sjö afritum fyrir hvern málflytning. Þess í stað eru skjölin geymd á vefsíðu dómstólsins og notast dómarmar við spjaldtölvu til þess að fletta upp í gögnunum við málflytning. Með þessari breytingu er því bundinn endir á þá miklu pappírnotkun sem annars fylgir málflytningi. Jafnframt sparast mikill tími þar sem dómarmar geta flett upp í málgögnum með notkun leitarvélar.

Önnur marktæk breyting sem við höfum fundið fyrir er að tímafrestinir eru í raun orðnir lengri, því hægt er að skila gögnum rétt fyrir miðnætti í stað þess að gera ráð fyrir opnunartímum dómstóla. Svo ekki sé talað um þann tímasparnað að þurfa ekki að mæta fyrir héraðsdóm til þess eins að þingfesta mál.

Umræddar breytingar hafa þó ekki gengið algjörlega án vandræða. Tíma hefur tekið að venjast nýjum starfsháttum og ýmis tæknivandamál hafa komið upp. Það hefur oftast en einu sinni tekið langan tíma að hlaða upp skjali vegna álags á vefsíðunni og slíkt getur reynt á þolinmæðina. Það er þó verra að upplifa tæknilega örðuleika stuttu fyrir miðnætti,

Í BYRJUN ÁRS 2018 VAR TEKIÐ Í NOTKUN RAFRAENT DÓMSKERFI Í ÖLLUM DÓMSTÓLUM DANMERKUR, MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ GERA RÉTTARKERFIÐ SKILVIRKARA OG EINFALDARA.

enda rennur frestur til að skila gögnum út kl. 23:59 og ekki hægt að ná sambandi við skrifstofu dómstólsins á þessum tíma dags.

Þrátt fyrir þessa hnökra á kerfinu myndu fáir ef nokkrir Danir mæla með að taka gamla kerfið upp á ný og er ekki annað hægt en að mæla með að skoða möguleikann á sambærilegu dómsskerfi heima á Íslandi.

Þriggja ára starfsreynsla undanfari lögmannsréttinda Til að öðlast lögmannsréttindi í Danmörku er skilyrði að hafa þriggja ára reynslu af lögmannsstörfum, fara á lögmannsnámskeið og standast lögmannspróf, sem og flytja mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstólum. Þetta er ólíkt ferlinu á Íslandi, þar sem lögfræðingar geta orðið lögmennt aðeins nokkrum mánuðum eftir að þeir útskrifast úr meistaranámi.

Þriggja ára reynsla af lögmannsstörfum felur í sér að lögfræðingur starfar undir leiðsögn og ábyrgð lögmanns í þrjú ár. Flestir fulltrúar sem hafa áhuga á lögmenntu starfa því á lögmannsstofum eða sem fulltrúar hjá saksóknara. Í þessi þrjú ár ber lögmaðurinn fulla ábyrgð á að fulltrúinn öðlist fullnægjandi reynslu til þess að verða fær um að standa á eigin fótum þremur árum síðar og virða allar þær skyldur sem lögmannstitlinum fylgja.

Til að tryggja enn fremur að fulltrúar fái víðtæka reynslu hvetja stærri lögmannsstofur fulltrúa til að skipta um deild eftir 12-18 mánuði í starfi. Rökin fyrir því eru tvíþætt; annars vegar að gefa fulltrúum tækifæri til þess að öðlast víðtækari reynslu og kynnast ólíkum réttarsviðum, og hins vegar að veita þeim svigrúm til að finna það svið lögfræðinnar sem þeir kjósa að sérhæfa sig í, að þriggja ára fulltrúatímabilinu loknu.

Líkt og á Íslandi, eru fulltrúar skyldugir til að sitja námskeið og þreyta próf til að öðlast lögmannsréttindi. Fyrirkomulagið er þó ólíkt. Fyrir það fyrsta standa námskeiðin í Danmörku



Guðrún Olsen að störfum í Danmörku.


yfir í nokkra daga í hverjum mánuði yfir nokkra mánaða tímabil. Einnig er efni danska námskeiðsins í eðli sínu frábrugðið því íslenska þar sem áhersla er lögð á hagnýta þætti lögmansstarfsins, svo sem ársreikningagerð, kostaðar-ákvæðanir, reglur um peningaþvætti og vitnaleiðslur, í stað efnishliðar lögfræðinnar sem einnig er kennd í háskólunum, en einkamálaréttarfar er eina fagið sem er kennt á báðum stigum. Í ljósi þröngrar sérhæfingar danskra lögmanna er þessi stefna að miklu leyti skiljanleg.

TIL AÐ ÖÐLAST LÖGMANNSRÉTTINDI Í
DANMÖRKU ER SKILYRÐI AÐ HAFNA ÞRIGGJA
ÁRA REYNSLU AF LÖGMANNSSTÖRFUM AUK
ÞESS AÐ FLYTJA MÁL FYRIR HÉRAÐSDÓMI EÐA
SÉRDÓMSTÓLUM.

Síðast en ekki síst þurfa fulltrúar að flytja mál fyrir dómstólum. Það er dómara hvers dómstóls að ákvarða hvort prófmál teljist með fullnægjandi hætti sýna hæfileika lögfræðingsins í málflutningi. Mat dómara tekur mið af flækjustigi, hvort aðila- og vitnaleiðslur séu í málinu, matsgerð, sérfræðiviti o.s.frv. Málið getur til að mynda ekki varðað skilnaðardeilu, forsjárdeilu eða deilu vegna peningakröfu um minni fjárhæð en samsvarar um einni milljón íslenskra króna.

Sérhæfing lögmanna

Að þessum þremur árum liðnum ákveða lögmenn á hvaða sviði þeir vilja sérhæfa sig. Vegna stærðar markaðarins sem lögmansstofurnar starfa á og mikillar samkeppni er möguleiki til mikillar sérhæfingar og starfa lögmenn að jafnaði innan mjög þröngs réttarsviðs, oft til enda starferils síns. Til dæmis hefur Þorbjörg starfað annars vegar við gjaldþrotaskipti og hins vegar við samkeppnisrétt. Innan þessara deilda er enn frekari skipting eftir áhugasviði og sérhæfingu, til að mynda einblína sumir eingöngu á samrunamál á meðan aðrir sinna brotamálum samkeppnisréttarins.



Professional quality,
legal and financial translation into English
SCRIPTORIUM EHF.

Keneva Kunz, PhD, löggiltur skjalapýðandi
+354 562 7504, 898 7966, keneva@scriptorium.is

Hér má sjá útlit hins rafræna dómkerfis í Danmörku.

Það eru ekki einungis lögmannsstofurnar sem sérhæfa sig. Til viðbótar við hefðbundna dómstóla eru til sérdómstólar sem greina úr málum innan þröngra sviða. Sem dæmi má nefna Sjó- og viðskiptadómstóllinn (Sø- og Handelsretten) sem m.a. tekur fyrir mál er varða sjórétt, gjaldþrotarétt, vöru- og einkaleyfarétt, samkeppnisrétt og ólögmæta markaðssetningu. Þá tekur Húsnæðisdómstóllinn (Boligretten) eingöngu fyrir mál er varða leigu á húsnæði, svo sem deilur vegna galla á leigðu húsnæði og uppsögn leigusamninga, og Þinglýsingardómstóllinn (Tinglysningretten) sér um úrlausn deilumála tengdum þinglýsingum.

Ápreifanleg tengsl við Evrópu

Náin tengsl Danmerkur við önnur Evrópulönd í gegnum Evrópska efnahagssvæðið gerir dönskum lögmonnum kleift að nýta réttindi sín til málflutnings annarsstaðar í Evrópu sem og að ráða erlenda lögmenntil starfa í Danmörku. Þetta virðist hvetja unga jafnt sem aldna til að reyna fyrir sér á erlendri grundu, en við höfum báðar starfað náið með mörgum erlendum lögfræðingum. Til að mynda er þýsk deild á NJORD sem aðstoðar þýskumælandi lögfræðinga við að uppfylla þarlenda kröfu um starfsreynslu að undangengnum réttindum til málflutnings.

Þá er einnig venja fyrir því að lögmannsstofur ráði laganema til vinnu frá fyrstu önn laganáms. Við nutum báðar góðs af þessu og störfuðum með stóru teymi laganema sem tóku vel á móti okkur frá Íslandi. Þetta fyrirkomulag gerir það

að verkum að flestir hafa öðlast nokkra starfsreynslu að námi loknu, en algengt er að laganemar vinni frá 15 til 20 klukkustundir á viku. Við þær vinnustundir bætist svo við mánaðarlegur námsstyrkur frá danska ríkinu, Statens Uddannelsesstøtte (SU), að upphæð u.þ.b. 110.000 kr. Þetta fyrirkomulag er einstaklega heppilegt fyrir evrópska laganema sem sækja menntun til Danmerkur þar sem 40 unnir tímar á mánuði gefa þeim einnig rétt til danska styrksins.

Nútímavæðing íslenska dómkerfisins

Ekki er hér með sagt að starfsumhverfi lögmannna á Íslandi sé að öllu leyti öðruvísi en í Danmörku. Má það vel vera að fulltrúakerfi Dana henti alls ekki Íslendingum, þó það hafi reynst undirrituðum vel fyrstu árin á lögmannstofum. Hins vegar er ljóst þegar litið er til hraðrar tækniþróunar nútímans að það mun óhjákvæmilega koma að þeim tímamarki að íslenska dómkerfið verði að nútímavæða. Þá er kjörið að læra af reynslu annarra þjóða, en þá má enn og aftur líta til Danmerkur.

Á SLÓÐUM ÞÝÐVERSKRA NÝLENDUHERRA Í AFRÍKU



VALGEIR PÁLSSON

FERÐ LMFÍ TIL NAMIBÍU 1.-10. DESEMBER 2018



Hann var svalur laugardagsmorguninn 1. desember 2018 þegar þjóðin fagnaði aldarafmæli fullveldisins. Þann morgun hélt góður hópur frá Lögmannafélagi Íslands ásamt fylgdarfólki suður á bóginn til lands handan Atlantsála á suðurhveli jarðar, Namibíu. Enginn úr hópnum hafði áður heimsótt landið en vissulega kynnst af afspurn, svo sem í fréttum á 8. og 9. tug síðustu aldar er namibíska þjóðin barðist fyrir frelsi.

Örlítið um sögu Þjóðar

Skömmu eftir sólarupprás að morgni sunnudags var lent heilu og höldnu á Alþjóðaflugvellingnum í Windhoek, höfuðborg landsins. Eins og víða í henni veröld er flugvöllurinn nokkurn spöl utan við borgina og tók ríflega hálf klst. að aka þangað um hrjóstrugt og eyðilegt land, ljósbrúnn sandur og trjárunnar á stangli, jafnvel enn eyðilegra en á leiðinni milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Má segja að þarna hafi fengist allgott sýnishorn af því landslagi sem átti eftir að vera einkennandi á meðan dvölinni stóð. Namibía er stórt land, um 825 þúsund ferkílómetrar, og setur hin þurra Kalaharí eyðimörk sinn svip á landið sem og Namib eyðimörkin sem liggur meðfram Atlantshafsströnd landsins og er talin ein elsta eyðimörk jarðar. Íbúar eru um 2,6 milljónir og þar af búa um 330 þúsund manns í höfuðborginni. San Þjóðflokkurinn, eða búskmenn eins Búar nefndu hann, sem um langan aldur hefur búið í Kalaharí eyðimörkinni, var meðal fyrstu frumbyggja Namibíu. Síðar, eða fyrir um 2000 árum, fóru Namar að nema þar land og á 9. öld komu Damarar til landsins. Lengi fram eftir öldum fékk landið frið fyrir hvítum landnemum. Um aldamótin 1800 fóru Búar, afkomendur Hollendinga í Suður Afríku, að sækja inn í landið og á síðari hluta 19. aldar, þegar Evrópuþjóðir hófu í alvöru að leggja undir sig lendur Afríku, varð Namibía að þýskri nýlendu og nefnd Þýska Suðvestur Afríka (Deutsch-Südwestafrika). Réðu Þjóverjar ríkjum í Namibíu til 1915 er Suður-Afríka tók landið yfir skömmu eftir að fyrri heimstyrjöldin brast á. Hafi fyrri nýlenduherrar stjórnað landinu af hörku gagnvart frumbyggjunum varð harkan síst minni meðan landið laut stjórn Suður-Afríku. Á síðari hluta 20. aldar fóru Evrópuþjóðir að draga úr áhrifamætti sínum í Afríku og viðurkenna sjálfstæði sinna gömlu nýlenda. Hvítir stjórnarherrar í Suður-Afríku þráuðust við og þrátt fyrir þrýsting af hálfu Sameinuðu þjóðanna, dóm Alþjóðadómstólsins um að stjórn þeirra væri ólögleg og áralanga frelsisbaráttu innfæddra, með frelsissamtökin SWAPO í broddi fylkingar, var það í lok árs 1988 að þeir samþykktu að láta stjórn landsins af hendi. Tóku Sameinuðu þjóðirnar fyrst við stjórn landsins, en í fyrstu kosningum 1989 eftir að landið hlaut sjálfstæði fékk SWAPO hreyfingin, sem þá var orðin stjórnmalaflokkur, meira en helming atkvæða og 1990 var formaður hreyfingarinnar, Sam Nujoma, kjörinn fyrsti forseti hins nýfrjálsa ríkis. Lýðræði hefur náð að fóta sig í landinu og þar hefur ríkt friður hin síðari ár, meira en sagt verður um mörg önnur ríki í álfunni. Efnahagur Namibíu hefur farið hægt batnandi eftir að landið hlaut sjálfstæði, en misskipting auðs milli hvíttra og svartra íbúa kann eflaust að þykja meiri en telja má við hæfi og gætir í þeim efnium vafalaust áhrifa frá nýlendutímanum.



6.000 ára gamlar hellaristur.

Helstu atvinnuvegir Namibíumanna eru námuvinnsla, landbúnaður og sjávarútvegur auk þess sem ferðapjónusta færist í vöxt.

Er munur á túrisma og terrorisma?

Snemma að morgni mánudags hófst skipulögð dagskrá með skoðunarferð um borgina á meðan stór hluti hinna löglærðu í hópnum tók hús á lögmannsstofunni Lorentz Angula Inc. sem er hluti af ENSAfrica, stærstu lögmannsstofu í Afríku með yfir 600 lögmennt innan sinna vébanda og starfsstöðvar í einum sjö Afríkurlöndum. Í heimsókninni kynntu tveir af eigendum lögmannsstofunnar ásamt fulltrúa, starfsemi stofunnar, sögu hennar og það lagaumhverfi sem þeir starfa í.

Windhoek er um margt áhugaverð borg, hefur rólegt yfirbragð, þrífaleg og með fjölbreyttum byggingarstíl. Farið var fram hjá ýmsum merkjum byggingum eins og þrýða flestar höfuðborgir. Tvær byggingar skáru sig þó úr. Annars vegar safn til minningar um sjálfstæðisbaráttu Namibíu (Independence Memorial Museum), mikil bygging í þungum austurevrópskum stíl með nokkurra mannhæða hárrí styttu af frelsishetjunni Sam Nujoma í forgrunni. Hins vegar forsetahöllin (State House of the Republic of Namibia) í útjaðri borgarinnar, en erfitt var að gera sér grein fyrir byggingunni að öðru leyti en því að hún var mikil um sig, en umlukin rammgerðri girðingu sem jafnvel mætti kalla „vegg“ eða „múr“. Þá var hvorki heimilt að stöðva á götunni umhverfis bygginguna né taka myndir, enda stutt á milli orðanna „túrisma“ og „terrorisma“ í orðabókinni og því rétt að fara að öllu með gát. Sérstaka athygli vakti að báðar þessar byggingar voru reistar af Norður-Kóreumönnum. Um hádegisbil kom svo allur hópurinn saman til hádegisverðar ásamt hópi namibískra lögmanna,



auk stjórnar- og starfsmanna Lögmannafélags Namibíu og átta gagnlegar samræður um störf lögmannna í Namibíu, félagsskap þeirra og ýmis lögfræðileg álitafni, svo sem á sviði mannréttinda, barnaréttar o.fl.

Eyðimerkurstrandbær og dansandi Damarar

Hinn næsta morgun var haldið frá höfuðborginni og ekið til strandbæjarins Swakopmund á Atlantshafsströnd Namibíu, en umlukin Namib eyðimörkinni á þrjá vegu. Var sérkennilegt að koma í þennan eyðimerkurbæ þar sem svalt og þokukennt sjávarloftið lék um mann. Daginn eftir var farið á sérútbúnum jeppum út í eyðimörkina rétt utan bæjarmarkanna þar sem ekkert líf virtist vera og í raun lítið annað en ljós sandurinn og fagurmyndaðar sandöldur. En ekki þurfti að aka lengi er nýr heimur margs kyns smádyra opnaðist. Í bland við skemmtilega fræðslu um lífið í eyðimörkinni mátti sjá þar orma, smáeðlur, snáka og kamelljón.

Daginn eftir var löng leið fyrir höndum inn í landið á nýjan leik. Fyrst var þó ekið til norðurs með strandlengjunni þar sem úfið Atlantshafið skall á ströndinni af miklum þunga og sjá mátti skipsflök í sandinum sem hafa orðið haföldunni að bráð, sannkallaðar Nástrandir. Eftir nokkurn spöl var stefnan tekin inn í land um hrjóstrugt land en þó með fjallgarða í fjarska á báða vegu, þ.á.m. Brandbergfjallgarðinn sem skartar hæsta tindu landsins, Königstein, 2.573 m háum.



Hér höfðu vegir með bundnu slitlagi ekki haldið innreið sína, þess í stað grófir malarvegir upp á íslenska vísu með tilheyrandi þvottabrettum. Ekki ónotalegt að finna íslenska vegi í Aríku. Um miðjan dag var komið í frumstætt en jafnframt frumlegt lifandi safn þar sem fólk af ættflokki Damara sýndi lifnaðarhætti sína til forna. Þar mátti sjá fólk vinna við ýmis konar handverk, útskurð, járnsmíðar og skartgripagerð og gerð lyfja úr laufum plantna sem finna mátti í nágrenninu. Áður en safnið var yfirgefið tóku innfæddir nokkur dansspor og sungu fyrir hina langt að komnu gesti sem skemmtu sér vel og áður en yfir lauk mátti sjá tjúttað upp á íslenskan máta með hinum infæddu dönsurum. Að svo búnu var ekið í áfangastað, „Twyfelfontein Country Lodge“, hreina vin í eyðimörkinni með lítilli sundlaug og öllum nútímapægindum. Sannarlega væsti ekki um mannskapinn í þeirri paradís.

Gerðuberg þeirra Namibíumanna

Lagt var af stað árla næsta morgun og byrjað á því að skoða ævafornar steinristur eða allt að 6.000 ára gamlar í Twyfelfontein dal. Þarna voru einstök listaverk, yfir 2.500 talsins, sem höfðu verið rist í sandsteinshellur og með ólíkindum hvað þau hafa varðveist vel. Þessu næst var skoðað náttúrufyrirbæri sem nefnist „Organ Pipes“ og er eigi langt frá Twyfelfontein, um 100 m langt stuðlaberg. Fögur náttúrsmíð sem óneitanlega minnti eilítið á Gerðuberg á Snæfellsnesi. Þar skammt frá var sömuleiðis staldrað við hjá „Burnt Mountain“, miklum og afar litríkum eldfjallagíg sem myndaðist í eldsumbrotum á þessum slóðum fyrir milljónum ára. Þessu næst var haldið áleiðis á næsta áningarstað en með stuttri heimsókn á heimili fyrir munaðarlaus börn við bæ er nefnist Kalkfeld. Glæðvær börnin tóku vel á móti ferðalöngum, en átakanlegt var að horfa upp á hversu fátæklega var búið að þeim, húsakostur gamall sem og búsmunir allir sem einnig voru af skornum skammti. Í lok heimsóknarinnar var forstöðukonu heimilisins færð lítil peningagjöf og við henni var tekið af miklu þakklæti.

Síðla dags var komið á síðasta áfangastaðinn áður en haldið skyldi heimleiðis tveimur dögum síðar, en það var „Mount Etjo Safari Lodge“, staðsettur á sérstöku verndarsvæði sem nefnist „Okanjati Game Reserve“. Þessi gististaður hafði m.a. unnið það sér til frægðar að 9. apríl 1989 var þar undirrituð svonefnd „Mount Etjo yfirlýsing“ sem fólst í því að þrjú ríki, Angóla, Kúba og Suður-Afríka, sem árin á undan höfðu tekið virkan þátt í vopnaðri baráttu um völd og áhrif í Suðvestur Afríku, lýstu yfir friði og að landið skyldi öðlast sjálfstæði undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Var það undanfari þess að lýðveldið Namibía var stofnað. Á þessum stað var öllu ræktarlegra umhorfs en verið hafði á ferð okkar fram að þessu. Þarna var tjágróður mikill og við gististaðinn var tjörn, en í henni og á bökkum hennar var fjölskrúðugt dýralíf. Er þessi fyrsti dagur í Mount Etjo var kominn að kvöldi þótti við hæfi að sjá ljón matast. Nokkurn spöl þurfti að aka til að sjá dýrin við þessa iðju. Ekki gekk ökuferðin klakklaust fyrir sig þar sem fíll hafði komið sér fyrir á veginum og hámaði í sig laufblöð af tjám við vegkantinn. Þótt flautur væru þeyttar og bílar barðir með látum að utan lét fillinn sér það fátt um finnast og hélt áti sínu áfram í mestu makindum. Urðu menn að lúta í lægra haldi og finna aðra leið að átveislunni. Það tókst og þótti



Berglind Svavarsdóttir formaður LMFÍ (t.h.) ásamt stjórnarmönnum namibíska lögmannafélagsins.



Heimsókn á barnaheimilið var áhrifarík. Hér má sjá þvott barnanna blakta í sólinni.

það hin mesta skemmtun að fylgjast með úr rammgerðum búrum er nokkur karlljón tættu í sig myndarlegan lærlegg sem þeim var borinn. Eldsnemma næsta morgun var boðið upp safariferð um svæðið sem allmargir úr hópnum þáðu.

Urðu á vegi manna ýmsar dýrategundir þarna í villtri náttúrunni, svo sem antilópur, gíraffar, sebrahestar, gnýir, fílar og nashyrningar. Sömuleiðis var boðið í ferðir til að skoða fótspor eftir risaeðlur og sjá blettatígurum gefið að éta.

Loks var sunnudagur runninn upp og Namibíuferð senn á enda. Lokið var ógleymanlegri för um Namibíu, landi fegurðar en mikilla andstæðna bæði í náttúru og mannlífi. Frábærum ferðafélögum er þökkuð samfylgdin. Forsvarsmenn Lögmannafélags Íslands, svo og skipuleggjandi ferðarinnar og framúrskarandi fararstjóri, Eyrún Ingadóttir, eiga sérstakan heiður skilið fyrir ferðina.



JÓLASNAPSMÓTIÐ 2018

Föstudaginn 21. desember s.l. fór fram hið árlega jólasnapsmót LMFÍ í innanhúsknattspyrnu um jólasnapsbikarinn. Mótið fór að venju fram í Íþróttahúsi Fram, Safamáryri. Að þessu sinni var mjög góð mæting og var því leikið í tveimur riðlum sem litu þannig út:

A riðill

Logos 1
FC Friday
Logos 2
IVV 1

B riðill

IVV 2
FC Ungir
Lex
KF Þruman

Að venju var tekist á en keppendur sýndu ávalt góða háttsemi svo eftir því var tekið. Þá mættu til leiks nokkrar stúlkur og var þeim vel tekið. Sigurvegarar í A riðli með fullt hús 9 stig varð FC Friday með Erlend Þór Gunnarsson í fararbroddi. Í öðru sæti varð Logos 1. Í B riðli urðu sigurvegarar síðasta árs FC Ungir eftir með fullt hús 9 stig. Í öðru sæti varð hið gamalreynnda lið Þrumunnar, sem m.a. vann Lex sannfærandi 3-0.

KF Þruman og FC Friday hófu keppni í undarúrslitum. Skemmst er frá því að segja að Þruman átti að þessu sinni

ekki möguleika í piltana í FC Friday sem unnu 2-0. Í hinum undanúrslitaleiknum var hart barist. Þar áttust við „styrkt“ lið Logos 1 og FC Ungir, handhafar jólasnapsbikarsins 2017. Jafnt var eftir venjulegan leiktíma og var leikur því framlengdur. Enn var jafnt eftir framlengingu og því hófst vítaspyrnukeppni. Eftir 7 vítaspyrnur fóru FC Ungir með sigur.

Það voru því FC Ungir og FC Friday sem kepptu til úrslita. FC Ungir voru þreyttir eftir tvíframlengdan leik við styrkt lið Logos 1 og áttu því undir högg að sækja. FC Friday sýndi heldur enga miskun en leikurinn var samt í jafnvægi fram á síðustu sekúndu en þá kom þrumuskot frá einum leikmanni FC Friday sem endaði upp í markvinklinum og við það gall flautan. Hið reynda lið FC Friday varð því sigurvegari að þessu sinni og er handhafi jólasnapsbikarsins 2018.

Að lokinni keppni voru leikmönnum færðar léttar veigar og jólasnaps. Það voru því glaðir leikmenn sem gengu á vit jólanna. Var það mat manna að mótið hefði tekist vel og á LMFÍ þakkir skildar fyrir.

FARA ÍSLENSKIR DÓMSTÓLAR EFTIR DÓMUM MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU?

DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON LÖGMAÐUR

Þann 2. nóvember 2018 var haldinn hádegisverðarfundur undir yfirskriftinni *Hlutverk íslenskra dómstóla við beitingu MSE – samstarf eða tregða?* þar sem Róbert Ragnar Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, fjallaði um það hvernig Mannréttinasáttmáli Evrópu og einkum dómur Mannréttindadómstóls Evrópu hafa endurspeglast í íslenskri dómaframkvæmd á þeim árum sem liðin eru frá því að Mannréttinasáttmálinn var lögfestur með lögum nr. 62/1994 og hvernig til hefði tekist.

Í upphafi erindisins velti Róbert upp nokkrum spurningum, í fyrsta lagi hvernig lögmenn og íslenskir dómstólar hefðu brugðist við þessari réttarbót í störfum sínum, í öðru lagi hvort Mannréttinasáttmálinn væri orðinn raunverulegur hluti af íslenskri lagahefð, í þriðja lagi hvort íslenskir lögmenn byggðu á Mannréttinasáttmálanum í málalímbúnaði sínum fyrir íslenskum dómstólum og í fjórða lagi hvort íslenskir dómstólar beittu Mannréttinasáttmálanum í samræmi við dóma Mannréttindadómstólsins eða hvort tregða væri hjá íslenskum dómstólum að fylgja þeim.

Um fjöllun Róberts skiptist upp í nokkra hluta; í fyrsta lagi fjallaði hann um réttarheimildalega stöðu Mannréttinasáttmála Evrópu í íslenskum rétti, í öðru lagi fjallaði Róbert um svonefnt leiðsagnargildi dóma Mannréttindadómstólsins eða nánar til tekið hver væru, ef einhver, lagaleg áhrif slíkra dóma hér á landi, í þriðja lagi hvort og með hvaða hætti dómur Mannréttindadómstólsins hefðu sögulega haft áhrif á dóma Hæstaréttar Íslands við túlkun og beitingu Mannréttinasáttmálans og hvort sú saga hefði einkennst af tregðu íslenskra dómstóla eða vilja til að leita „samstarfs“ við dómstólinn við Strassborg.

Réttarheimildaleg staða Mannréttinasáttmála Evrópu að íslenskum rétti

Ísland gekkst undir Mannréttinasáttmálann að þjóðarétti 29. júní 1953 og samkvæmt tvíeðliskenningu þjóðaréttar hafði hann því ekki bein lagaleg áhrif hér á landi í rúm 40 ár fram að lögfestingu árið 1994. Eftir lögfestinguna hefur Mannréttinasáttmálinn formlega stöðu almennra laga í réttarheimildalegum skilningi en ekki stöðu stjórnskipunarlags, sú afstaða hefur komið fram hjá Hæstarétti og að mati Róberts haldist óbreytt allar götur síðan. Þrátt fyrir hina formlegu réttarheimildalegu stöðu verður að líta til þeirra nánú réttarheimildalegu tengsla sem Mannréttinasáttmálinn hefur við flest mannréttindaákvæði Stjórnarskrárinnar en þau tengsl hafa veruleg áhrif á þær túlkunaraðferðir sem íslenskir dómstólar beita þegar reynir á vernd mannréttinda. Þá er einnig mikilvægt að Mannréttinasáttmálinn hefur ekki einungis að geyma efnisákvæði um mannréttindi borgaranna heldur eru aðildarríkin einnig skuldbundin að þjóðarétti til að framfylgja dómum Mannréttindadómstólsins og lagalegt gildi dóma hans hefur því verulega þýðingu fyrir þróun íslensks réttar á sviði mannréttinda. Þá kom fram í athugasemdum með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, sem breyttu mannréttindakafla Stjórnarskrárinnar árið 1995, að eitt af markmiðum laganna væri að taka mið af þeim þjóðaréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefði undirgengist með aðild sinni að Mannréttinasáttmála Evrópu. Vilji stjórnarskrárgjafans stóð því til þess að ákvæði Stjórnarskrárinnar sem hefðu skírskotun til ákvæða Mannréttinasáttmálans yrðu túlkuð til samræmis við ákvæði Mannréttinasáttmálans og að íslenska Stjórnarskráin hefði a.m.k. að geyma sömu lágmarksvernd og ákvæði Mannréttinasáttmálans.

Dómaþróun

Róbert taldi ekki svigrúm til þess að ræða heildstætt dómaþróunina á þeim tíma sem liðinn væri frá lögfestingu Mannréttinasáttmálans fram til ársins 2018 en taldi mikilvægt að benda á að réttarheimildaleg staða Mannréttinasáttmálans hefði skýrst verulega í nýlegum dómum Hæstaréttar Íslands og Landsréttar og fjallaði Róbert um þrjá dóma því til stuðnings. Fyrst fjallaði Róbert um dóm frá 2015 þar sem Bandalag háskólamanna krafðist þess að aðildarfélagum bandalagsins væri heimilt að efna til verkfalls þrátt fyrir lög sem sett hefðu verið til þess að koma í veg fyrir verkföllin. Í dómi Hæstaréttar kom fram að verkföllin hefðu haft áhrif á almannaheill og réttindi almennings til að fá aðstoð vegna sjúkleika sem tryggð væru samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrárinnar og þar með hefðu verið uppfyllt skilyrði 74. gr. Stjórnarskrárinnar til þess að setja takmarkanir á verkfallsrétt með lögum. Hér taldi Róbert mikilvægt hvernig 74. gr. Stjórnarskrárinnar um félagafrelsi var túlkuð af Hæstarétti í samræmi við 11. gr. Mannréttinasáttmálans. Í fyrsta lagi kæmi ekki fram í 74. gr. Stjórnarskrárinnar að stéttarfélög hefðu rétt á því að fara í verkföll við tiltekna aðstæður en aftur á móti hefði verið byggt á því í dómafrákvæmd Mannréttindadómstólsins að stéttarfélög hefðu virk og raunhæf úrræði til að gæta hagsmuna sinna og samræmisskýring við ákvæði Mannréttinasáttmálans leiddi þannig til þess að Hæstiréttur túlkaði félagafrelsisákvæði Stjórnarskrárinnar þannig að það tæki einnig til verkfallsréttar. Í öðru lagi benti Róbert á að 74. gr. Stjórnarskrárinnar gerði engan greinarmun á tegundum starfsmanna sem mynduðu stéttarfélög en aftur á móti væri í 11. gr. Mannréttinasáttmálans gerður skýr greinarmunur á þar sem ríkjum væri heimilað að gera

meiri takmarkanir á félagafrelsi opinberra starfsmanna en starfsmönnum á almennum vinnumarkaði. Að lokum tók Róbert fram að Bandalag háskólamanna hefði kært þessa niðurstöðu til Mannréttindadómstólsins en þeirri kæruforskið hefði verið vísað frá. Róbert nefndi svo dóm frá árinu 2017 sem fjallaði um tæknifrjóvgun með aðstoð staðgöngumóður sem fram fór í Bandaríkjunum en dómstóll þar í landi hafði komist að þeirri niðurstöðu að staðgöngumóðirin væri hvorki erfðafræðileg né lagaleg móðir barnsins heldur hinir fyrirhuguðu foreldrar sem höfðu óskað eftir aðstoð staðgöngumóðurinnar. Á Íslandi var þessum sömu foreldrum aftur á móti neitað um fæðingarvottorð þar sem fram kæmi að þau væru foreldrar barnsins. Töldu þau að synjunin væri brot á rétti þeirra og barnsins til auðkennis og fjölskyldutengsla sem verndað væri í 71. gr. Stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttinasáttmálans. Hæstiréttur taldi aftur á móti að ekki hefði verið brotið gegn rétti þeirra til fjölskyldulífs og rökstuddi þá niðurstöðu með vísan til framkvæmdar Mannréttindadómstólsins sem fæli að mati Hæstaréttar í sér að fjölskyldutengsl mynduðust ekki við þær aðstæður að hjón væru í samvistum við barn sem hjónin hefðu ekki líffræðileg tengsl við og alið hefði verið af staðgöngumóður. Að lokum fjallaði Róbert um dóm Landsréttar þar sem héraðsdómur hafði fallist á kröfu um að stefnanda í meiðyrðamáli yrði gert að setja málskostnaðartryggingu. Landsréttur felldi úrskurðinn úr gildi með þeim rökstuðningi að ákvæði réttarfarslaga um málskostnaðartryggingu yrði að túlka með hliðsjón af ákvæði 70. gr. Stjórnarskrárinnar sem fjalli um rétt manna til að bera mál sín undir dómstóla en auk þess verði að líta til 1. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmálans. Þá yrði af dómum Mannréttindadómstólsins leidd sú regla



að framkvæma skyldi heildstætt mat á því hvort krafa um málskostnaðartryggingu takmarkaði um of rétt manna til að bera mál undir dómstóla og í því sambandi gæti meðal annars haft þýðingu hvort málsóknin væri metin tilefnislaus eða tilgangslítill.

Hvert er gildi dóma Mannréttindadómstóls Evrópu að íslenskum rétti?

Dómar Mannréttindadómstólsins eru ekki bindandi að íslenskum landslögum og hafa þannig ekki bein og milliliðalaus réttaráhrif að íslenskum rétti og gætu það væntanlega ekki að óbreyttri Stjórnarskrá. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi að stjórnskipunarlögunum 1995 var þó reiknað með að dómar Mannréttindadómstólsins myndu hafa leiðsagnargildi við skýringu mannréttindaákvæða. Dómarnir eru þannig einhvers konar forspá um þá lágmarksvernd sem staðfest hafi verið að þjóðarétti við túlkun ákvæða Mannréttinasáttmálans en íslenskum dómstólum er þó að formi til heimilt að hafna þeim leiðbeiningum sem er að finna í dómum Mannréttindadómstólsins. Þrátt fyrir þetta er ljóst af réttaröryggissjónarmiðum og þjóðréttarskuldbindingum Íslands að íslenskum dómstólum sé rétt að fylgja alla jafna þeirri leiðsögn sem leiðir af fordæmum Mannréttindadómstólsins og ljóst að vægi dóma Mannréttindadómstólsins hafi raunar aukist verulega jafnt og þétt í íslenskri dómaframkvæmd síðustu ára. Þannig eru fordæmi Mannréttindadómstólsins orðin eðlislík stöðu hefðbundinna fordæma íslenskra dómstóla, þótt hin formlega staða sé óbreytt. Er enda ljóst að efni Mannréttinasáttmálans verður ekki ráðið með því einu að lesa ákvæði hans heldur er auk þess nauðsynlegt að kanna hvernig Mannréttindadómstóllinn hafi túlkað viðeigandi ákvæði. Þótt dómarnir hafi að formi til ekki bein réttaráhrif kemur það ekki í veg fyrir að dómar Mannréttindadómstólsins hafi beina lagalega þýðingu við úrlausn mála fyrir íslenskum dómstólum í gegnum viðurkenndar lögskýringaraðferðir við túlkun Mannréttinasáttmálans. Róbert telur að þessi afstaða og aðferðarfræði endurspeglar í dómi Hæstaréttar frá 2017 í máli þar sem fyrirtæki krafðist endurgreiðslu svonefnds búnaðargjalds sem það hafði greitt en Hæstiréttur taldi að hluti gjaldsins færi í bága við félagafrelsisákvæði Stjórnarskrárinnar þar sem hluti gjaldsins hefði runnið til tiltekinna félaga. Hæstiréttur fjallaði meðal annars um samspil 74. gr. Stjórnarskrárinnar og 11. gr. Mannréttinasáttmálans og að markmiðin með breytingum Stjórnarskrárinnar árið 1995 hafi meðal annars verið að samræma ákvæðið um félagafrelsi að því hvernig sambærilegt ákvæði Mannréttinasáttmálans hefði verið



Róbert Ragnar Spanó dómari við Mannréttindadómstól Evrópu.

skýrð af Mannréttindadómstól Evrópu. Af þeim sökum taldi Hæstiréttur að við úrlausn málsins hefði meðal annars verið rétt að líta til dóms Mannréttindadómstólsins í máli frá 2010. Hér telur Róbert að um nýja nálgun hafi verið að ræða þar sem Hæstiréttur vísaði ekki einungis til ákvæðis Mannréttinasáttmálans heldur einnig hvernig ákvæðið hefði verið skýrt af Mannréttindadómstólnum.

Áhrif dóma Mannréttindadómstólsins á íslenska dómstóla. Hver er þróunin?

Róbert telur að lögfesting Mannréttinasáttmálans og stjórnarskrárbreytingin í kjölfarið hafi falið í sér byltingu, í kjölfarið hafi dómstólar þurft að tileinka sér nýjar lögskýringaraðferðir og slík þróun blasi við undanfarna tvo áratugi. Þó hafi að minnsta kosti framan af gætt nokkurrar tregðu við að líta til dóma Mannréttindadómstólsins en fyrir því hafi verið ýmsar ástæður; tvíeðliskenningin, fullveldissjónarmið, skortur á þekkingu lögmannna og dómara. Róbert fjallaði svo um dómaþróun í tveimur málaflokkum, annars vegar mál þar sem reynir á vernd tjáningarfrelsis og hins vegar mál þar sem reynir á bann við endurtekinni málsmeðferð til úrlausnar um refsiverða háttsemi (ne bis in idem).

Í íslenskri dómaframkvæmd hafði lengi tíðkast að leysa úr meiðyrðamálum eingöngu á grundvelli íslenskra kenninga og fordæma án tillits til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu og dómum Hæstaréttar

var ekki skotið til Mannréttindadómstólsins, með hinni frægu undantekningu Þorgeirs Þorgeirssonar sem lauk með áfellingisdómi 1993. Á þessu varð breyting á árunum 2009 til 2013 þegar fjölda meiðyrðamála var vísað til Mannréttindadómstólsins í kjölfar þess að íslenskir dómstólar höfðu dæmt blaðamenn til greiðslu miskabóta fyrir ærumeiðandi umfjöllun í fjölmiðlum. Þau mál voru leidd til lykta með átta dómum Mannréttindadómstólsins á árunum 2012 til 2017 en sex þeirra voru kærendum í vil þannig að íslenska ríkinu var gert að greiða blaðamönnum bætur fyrir brot gegn 10. gr. Mannréttinasáttmálans um vernd tjáningarfrelsis. Í málunum varð íslenska ríkið að sýna fram á það fyrir Mannréttindadómstólnum að forsendur íslenskra dómstóla hefði verið fullnægjandi til þess að skerðing tjáningarfrelsis í viðkomandi málum hefði getað talist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Allir áfellingisdómarnir eiga það sameiginlegt að Mannréttindadómstóllinn taldi að aðferðarfræðin við túlkun tjáningarfrelsisákvæðisins hefði ekki verið fullnægjandi þar sem íslenskir dómstólar hefðu ekki tekið nægjanlegt tillit til þeirra sjónarmiða sem leiða af dómum Mannréttindadómstólsins. Við mat á inntaki þeirra ummæla sem málin fjölluðu um höfðu íslenskir dómstólar ekki lagt nægjanlega heildstætt mat á samhengi þeirra heldur fremur túlkað þau tiltölulega þröngt eða bókstaflega. Auk þess hefði ekki verið tekið nægjanlegt tillit til þeirra sjónarmiða, sem leiða af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, að játa blaðamönnum svigrúm til þess að setja fram ummæli og skoðanir á ögrandi og jafnvel ýktan máta, hafi slík umfjöllun verið sett fram í góðri trú. Síðast en ekki síst hafi skort á að gerður væri skýr greinarmunur á milli staðhæfinga um staðreyndir og gildisdóma en sá mikilvægi greinarmunur hefur verið rauður þráður í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins um áratuga skeið. Þá virðist sem gætt hafi þeirrar tilhneigingar íslenskra dómstóla að ljá friðhelgi einkalífs og æruvernd meira vægi en tjáningarfrelsi þegar þessi réttindi skarast og að ekki hafi verið gefinn nægjanlegur gaumur að þeirri mikilvægu stöðu sem fjölmiðlar hafa í lýðræðisþjóðfélagi. Afstaða íslenskra dómstóla hafi að þessu leyti ekki verið í samræmi við það vægi sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gefið réttindunum í slíkum málum. Samandregið er lærdómurinn af þessum málum sá að íslenskir dómstólar hafi ekki nægjanlega lagt til grundvallar þau lögskýringarsjónarmið og aðferðir sem leiða af dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.

Að lokum nefndi Róbert síðustu tvo dómanna í slíkum málum en í þeim komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði ekki brotið gegn 10. gr.

Mannréttinasáttmálans. Athyglisvert er að þessi mál höfðu verið dæmd í Hæstarétti eftir að fyrstu áfellingisdómarnir frá Mannréttindadómstólnum voru kveðnir upp. Við mat á dómum Hæstaréttar tók Mannréttindadómstóllinn fram að réttilega hefðu verið vegnir og metnir þeir andstæðu hagsmunir sem vógust á í málunum enda hefði það verið gert á grundvelli þeirra sjónarmiða sem leiddu af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins. Þótt hafa mætti mismunandi skoðanir á því hvað slíkt mat ætti að leiða af sér yrði mikið til að koma svo að Mannréttindadómstóllinn hnekkti því mati landsdómstólsins, hefði landsdómstóll framkvæmt matið á grundvelli réttra aðferða.

Íslensk dómaframkvæmd að því er varðar bann við endurtekinni málsmeðferð var lengst af miðuð við meðferð sakamála fyrir dómstólum en Mannréttindadómstóll Evrópu túlkar bannið aftur á móti þannig að það nái til allra þeirra mála þar sem manni er gert að sæta refsingu, eins og dómstóllinn hefur skilgreint það hugtak. Bann við endurtekinni málsmeðferð getur þannig einnig átt við um mál þar sem stjórnvöld hafa lagt á sektir eða álag á skattstofn. Í dómi Hæstaréttar frá 2010 taldi rétturinn að fjórum mönnum yrði gert að sæta málsmeðferð að nýju þrátt fyrir að þeim hefði áður verið gert að sæta álagi á skattstofn enda ætti slíkt fyrirkomulag stöði í landsrétti. Rétturinn tók sérstaklega fram að með lögfestingu Mannréttinasáttmálans hefði engu að síður enn verið byggt á tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar og það væri þannig hlutverk löggjafans en ekki dómstóla að gera viðeigandi breytingar á landsrétti til þess að virða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Mannréttinasáttmálinn fæli í sér. Hæstiréttur tók þó einnig fram að dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins væri óljós um þessi atriði. Róbert telur að þessi dómur og ekki síst sú afstaða að hvika ekki frá þessari niðurstöðu, þrátt fyrir að Mannréttindadómstóllinn felldi dóma meðal annars í málum frá Norðurlöndum, telur Róbert að geti verið til marks um tregðu í Hæstarétti á þeim tíma að haga túlkun og beitingu Mannréttinasáttmálans þannig að samræmi væri við framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Þessum dómi Hæstaréttar var skotið til Mannréttindadómstólsins sem komst að þeirri niðurstöðu árið 2017 að íslenska ríkið hefði brotið gegn ne bis in idem reglunni en Róbert telur að sú niðurstaða hafi verið fyrirsjáanleg og að dómur yfirdeildar Mannréttindadómstólsins í norsku máli í millitíðinni hafi ekki falið í sér slíka stefnubreytingu að úrslitum hafi ráðið. Í fyrsta málinu eftir áfellingisdóminn, í september 2017, vísaði Hæstiréttur til þeirra viðmiða sem Mannréttindadómstóllinn hafði skapað í dómaframkvæmd. Meiri hluti dómsins komst að þeirri niðurstöðu að málsmeðferð manns hjá

skattýfirvöldum hefði verið sakamál en að annað og aðskilið mál hefði verið rekið af ákærvaldinu og þar með hefði ekki verið brotið gegn reglunni um tvöfalda málsmeðferð. Hvað sem líður réttmæti þeirrar niðurstöðu telur Róbert að hér megi sjá aðferðarfræðilega stefnubreytingu en forsendur bæði meiri og minni hlutans hverfast að öllu leyti um það hvernig Mannréttindadómstóllinn hefur túlkað og beitt reglu Mannréttindasáttmálans. Þar með hafi Hæstiréttur horfið frá þeirri tilhneigingu að líta fyrst og fremst til innlends réttar án þess að kanna gaumgæfilega framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Róbert telur að Landsréttur hafi einnig vísað til þessarar aðferðarfræði í dómum sínum frá því í september og október 2018.

Samantekt og niðurstöður

Dómaframkvæmd íslenskra dómstóla hefur þróast verulega frá lögfestingu Mannréttindasáttmálans og stjórnarskrárbreytingunni 1995 þannig að ákvæði Mannréttindasáttmálans sem hafa efnislega samstöðu með ákvæðum Stjórnarskrárinnar hafa nú verulegt vægi við túlkun Stjórnarskrárinnar. Íslenskir dómstólar hafa í auknum mæli hin síðari ár byggt á samræmisskýringu milli Stjórnar-

skrárinnar og Mannréttindasáttmálans eins og hann hefur verið túlkaður af Mannréttindadómstólnum. Þá hefur Mannréttindadómstóllinn síðari ár í ríkari mæli lagt á það áherslu að dómstólar landsdómstóla rökstyðji niðurstöður sínar með vísan til þeirra meginsjónarmiða sem myndast hafa í framkvæmd Mannréttindadómstólsins en ef á það skortir er líklegt að Mannréttindadómstóllinn telji að úrlausnir landsdómstóla uppfylli ekki þær lágmarkskröfur sem felast í Mannréttindasáttmálanum. Svo virðist sem Hæstiréttur vísi nú ekki einungis almennt til framkvæmdar Mannréttindadómstólsins heldur styðjist rétturinn í ríkara mæli við þær aðferðir sem Mannréttindadómstóllinn hefur lagt til grundvallar við túlkun viðkomandi ákvæða Mannréttindasáttmálans. Upphafleg tregða íslenskra dómstóla til þess að fylgja dómum Mannréttindadómstólsins er á undanhaldi og undanfarinn áratug hafa íslenskir dómstólar leitast við að eiga „samstarf“ við Mannréttindadómstólinn.

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Vilhjalmur Þ.Á Vilhjálmsson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 1. hæð, 105 Reykjavík
Sími: 841-2277

Ingvi Snær Einarsson

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 590-2600

Jónas Friðrik Jónsson

Rökstólar ehf., Tjarnargötu 36, 101 Reykjavík, Sími: 565-4450

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, Sími: 580-4400

Þormóður Skorri Steingrímsson

Lögmenn Árbæ, Nethyl 2, 110 Reykjavík, Sími: 568-1245

Þórður H. Sveinsson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 1. hæð, 105 Reykjavík
Sími: 515-7400

Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson

PACTA lögmenn / Lögheimtan, Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri
Sími: 440-7900

Gunnar Egill Egilsson

Nordik Legal slf., Skólavörðustíg 12, 3. hæð, 101 Reykjavík
Sími: 522-5202

Katrín Theodórsdóttir

Vík lögmannsstofa, Laugavegi 77, 4. hæð, 101 Reykjavík
Sími: 515-0200

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Arnar Vilhjálmur Arnarsson

Jónatansson & Co., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, Sími: 533-3434

Berglind Glóð Garðarsdóttir

OPUS lögmenn, Austurstræti 17, 101 Reykjavík, Sími: 415-2200

Húnbogi J. Andersen

H.J. Andersen ehf., Sundagörðum 2, 2. hæð, 104 Reykjavík
Sími: 892-2831

Jórunn Pála Jónasdóttir

Birkir Már Árnason

Réttur, Klapparstíg 25-2, 101 Reykjavík, Sími: 547-2002

ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

Páll Arnór Pálsson

Heiðargerði 33, 108 Reykjavík, Sími: 624-2424

Ragnhildur Halldórsdóttir

Íslandsbanki, Hagasmára 3, 201 Kópavogur, Sími: 440-4000

Vilhjálmur Þór Svansson

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-7000

Auður Kolbrá Birgisdóttir

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími: 411-4100

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Trausti fasteignasala, Vegmúla 1, 108 Reykjavík, Sími: 546-5050

Ásmundur Jónsson

Lögmenn Laugavegi 3, Laugavegi 3, 101 Reykjavík, Sími: 520-1050

NÝR VINNUSTADUR**Jóhann Magnús Jóhannsson**

Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík, Sími: 868-2331

Sigurður Rúnar Birgisson

Advel lögmenn, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 520-2050

Sigrún Helga Jóhannsdóttir

Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, Sími: 560-5000

Ari Karlsson

Embætti borgarlögmanns, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 411-4100

Ingólfur Kristinn Magnússon

Landspítalinn, Eiríksstötu 5, 101 Reykjavík, Sími: 543-1000

Jón Stefán Hjaltalín Einarsson

Íslandsréttur ehf., Hafnarstræti 97, 600 Akureyri, Sími: 419-1300

Baldvin Hafsteinsson

Sjúkratryggingar Íslands, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík, Sími: 515-0000

Andrea Guðmundsdóttir

Lög og innheimta ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími: 416-4000

Skarphéðinn Pétursson

Land lögmenn, Turninum, 12. hæð, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Sími: 546-4040

Hjalti Sigvaldason Mogensen

HSM ráðgjöf, Hús verslunarinnar, 8. hæð, Kringlunni 7, 103 Reykjavík
Sími: 847-3423

Hildur Sólveig Pétursdóttir

LAND lögmenn, Smáratorgi 3, 12. Hæð, 201 Kópavogur, Sími: 546-4040

Magnús Jónsson

Vivos, Ármúla 6, 108 Reykjavík, Sími: 862-8618

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

Kauphöll Íslands hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 540-5502

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Lagastoð, Lágmúla 7, 108 Reykjavík, Sími: 516-4000

Ragnar Björgvinsson

Foss Lögmenn slf., Langholtsvegi 111, 104 Reykjavík, Sími: 537-5111

Garðar K. Vilhjálmsson

Málamiðlun ehf., Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbæ, Sími: 420-4030

NÝTT AÐSETUR**Bjarni Lárusson**

LBL – Lögmennsstofa Bjarna Lárussonar ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sími: 516-4000

Hulda Guðný Kjartansdóttir

hkg lögfræðisþjónusta slf., Akralind 8, 201 Kópavogi, Sími: 698-5339

Þórunn Ólafsdóttir


Páll Jóhannesson, SKR lögfræðisþjónusta slf., Kringlunni 4-12, 7. hæð
103 Reykjavík, Sími: 578-2800

Gísli Tryggvason

Gísli Tryggvason – Lögmennsstofa, Kringlunni 4-6, 8. Hæð, 103 Reykjavík
Sími: 419-6969

Dögg Pálsdóttir**Páll Ágúst Ólafsson**

ÍsMál Lögmennsþjónusta, Grjótagötu 7, 101 Reykjavík, Sími: 897-6627

Skráning á grundvelli reglugerðar nr. 241/2018

FORVINNSLA **PRENTUN** **FRÁGANGUR**

Litla og prent



LAGADAGURINN

SILFURBERGI HÖRPU · FÖSTUDAGINN 29. MARS



EYBÓR INGI & PÁLL ÓSKAR

VEISLUSTJÓRAR

AUDUR BJÖRG JÓNSDÓTTIR & EGGERT PÁLL ÓLASON

HÚSIÐ OPNAR KL. 18:30 MEÐ FORDRYKK & FORRÉTTUM
BORÐHALD KL. 19:30 – PALLABALL KL. 23:00

PROMO



Cayenne E-Hybrid - staðalbúnaður: Fjórhládrif, stillanleg fjöðrun, 8-gíra Tiptronic S sjálfskipting með skiptingu í stýri, leðurinnrétting, leiðsögukerfi með Íslandskorti, LED aðalljós, LED afturljós, 19" álfelgur með loftþrýstingsskynjurum, Sport Chrono pakki, fjarlægðarvari að framan og aftan, rafdrifin framsæti með 8 stillingum, hágæða 150w hljóðkerfi með 10 hátölurum, stafrænt mælaborð, 12" háskerpu stjórnborð með snertiskjá, skriðstillir (Cruise Control), sjálfvirk opnun/lokun á afturhlera, tvískipt sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, Porsche stöðuleikakerfi (PSM), leðurklætt Sport aðgerðastýri, lykjalaus ræsing, Porsche ferðahleðslustöð, PCM (Porsche Communication Management), Connect Plus, samlit vindskeið á afturhlera, svartir listar á hliðargluggum, aðfellanlegir hliðarspeglar, sjálfvirk birtustilling í baksynisspegli, litaðar hitaeinangraðar rúður. Sjá meiri staðalbúnað á benni.is.

Rafmagnað sport

Priðja kynslóð lúxusjeppans Porsche Cayenne E-Hybrid (**Plug-in**) er kraftmikill, umhverfisvænn og búinn fullkomnustu stjórnækjum sem völ er á.

Komdu og upplifðu rafmagnað sport.

Hestöfl: 462
Hámarkstog: 700Nm
Hröðun: 5.0 sek. 0-100 km.klst.



PORSCHE



Porsche á Íslandi | Bilabúð Benna:
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

Opnunartími:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00